

---

# HÚSAKÖNNUN Í ÞÓRKÖTLUSTAÐAHVERFI:

VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ

---



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR OG HJÖRLEIFUR STEFÁNSSON

---

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES/GULLSNIÐ EHF.  
REYKJAVÍK 2018  
FS687-17171



*Ljósmynd á forsíðu er tekin af Þórkötlustaðtorfunni og er líklega tekin á 4. tug 20. aldar.  
Ljósmyndin er í eigu Lofts Jónssonar.*

©2018

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES/GULLSNIÐ EHF.

BÁRUGÖTU 3 /FJÖLNISVEGI 12

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

[www.fornleif.is/www.instarch.is](http://www.fornleif.is/www.instarch.is)

## Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður.....	iv
Inngangur.....	1
Húsakönnun.....	4
Samantekt.....	118
Heimildir.....	122


## **Helstu niðurstöður**

Í skýrslunni er að finna húsakönnun í Þórkötlustaðahverfi. Verkið var unnið af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur fornleifafraeðingi og Hjörleifi Stefánssyni arkitekt fyrir Grindavíkurbæ vegna fyrirætlana um verndarsvæði í byggð í hverfinu. Í hverfinu voru skráð 56 standandi hús, þar af 22 íbúðarhús en önnur hús voru ýmiskonar útihús, kofar, geymsluskúrar bílskúrar, sumarhús og hús sem tengdust iðnaði á svæðinu. Skýrslan verður hluti af úttekt um verndarsvæði í byggð í Þórkötlustaðahverfi sem kemur út á vormánuðum 2018 og þar verður að finna ítarlegri greiningu á byggðinni út frá þeim gögnum sem safnað var um hús og minjar á svæðinu.



## Inngangur

Á haustmánuðum 2016 veitti Minjastofnun Íslands Grindavíkurbæ styrk til að vinna tillögu að verndaráætlun í byggð fyrir Þórkötlustaðahverfið í Grindavík. Til að skrá minjar og hús á svæðinu réði Grindavíkurbær þau Elínu Ósk Hreiðarsdóttur hjá Fornleifastofnun Íslands sem hafði aðalumsjón með verkinu og Hjörleif Stefánsson arkitekt. Frá upphafi var ákveðið að unnið yrði samhliða að skráningu húsa og minja enda talið að þannig fengist heildstæðust mynd af upphafi, þróun og einkennum byggðar í hverfinu. Húsakönnunin var unnin í samræmi við leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands um skráningu húsa og í gagnagrunn stofnunarinnar og leiðbeiningabækling sömu stofnunar um húsakönnun vegna verndarsvæðis í byggð og vísast til þessara gagna varðandi aðferðafræði verksins.<sup>1</sup>



Íslandskort sem sýnir staðsetningu verndarsvæðis, austan við Grindavík. Grunnkort: Gísli Pálsson


Í þessari skýrslu er að finna húsakönnun fyrir hús innan marka fyrirhugaðs verndarsvæðis og stutta samantekt um þróun byggðar á svæðinu og einkenni, en frekari

<sup>1</sup> Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2017. *Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands 3: Verndarsvæði í byggð: tillaga og greinargerð*

upplýsingar um sögu svæðis og greiningu svipmóts verður að finna í verndarsvæðisskýrslu sem ráðgert er að komi út vorið 2018.

Í húsaskránni er húsum raðað í stafrófsröð. Að ósk Minjastofnunar Íslands voru nafnlaus hús, útihús, skúrar og kofar skráð sérstaklega og þeim fengið hlaupandi númer (hús 01-31

Mikilvægt er að geta þess að mat á varðveislugildi húsa í Þórkötlustaðahverfi ræðst að mestu leyti af gildi þeirra fyrir hverfið. Fá hús hafa varðveislugildi af sjálfu sér en flest gegna þau hlutverki í heildarsvipmóti hverfisins og eru mikilvæg af þeim sökum. Þetta á líka við um óvandaða skúra, kofa og garða, en án þeirra myndi hverfið glata sérkennum sínum. Skúr sem hlýtur þann dóm að vera óvandaður og hrörlegur getur engu að síður haft umtalsvert varðveislugildi sem hluti af heild. Varðveislugildið helgast fullkomlega af staðbundnum aðstæðum.



*Afmörkun verndarsvæðis í Þórkötlustaðahverfi*

Mörk verndarsvæðis (og húsakönnunar) markast að mestu af heimatúni Þórkötlustaðahverfis. Þau liggja að sjó að sunnan og Þjóðvegi að norðan, að mörkum við Hópsnes að vestan og túnmörkum við Slokahraun að austan.

Við úttektina var flett upp í opinberum gögnum um húsin (fasteignamati, fundargerðum, tiltækum teikningum o.fl.) og útgefnum heimildum, eldri loftmyndir voru kannaðar sem og túnakort af svæðinu sem gert var um 1920. Við úttektina var einnig talsvert stuðst við gamlar ljósmyndir sem komu í leitirnar við vinnslu hennar. Sömuleiðis var rætt við fólkið í hverfinu og brottflutta íbúa. Eru heimamönnum færðar kærar þakkir fyrir sína aðstoð. Minjafélag Grindavíkur sýndi verkinu áhuga og aðstoðaði við vinnslu þess eftir megni og fá félagið, og Hallur J. Gunnarson formaður þess þakkir fyrir hjálpina. Loftur Jónsson aðstoðaði við úttektina á margvíslegan hátt. Hann miðlaði af þekkingu sinni í samtölum en lagði einnig til talsvert af myndum af húsum í hverfinu sem hann hefur safnað á undanförunum árum. Að auki var mikinn fróðleik um húsin í hverfinu að finna í óútgefinni samantekt hans um hús Þórkötlustaðahverfi. Umræddar upplýsingar juku mikið við upplýsingar um húsin og eru Lofti færðar kærar þakkir fyrir alla hans aðstoð. Skráning húsa og fornleifa er unnin í góðri samvinnu við Grindavíkurbæ og verkfræðistofuna Eflu ehf. sem sér um verkstjórn verndarsvæðisúttektar.



# Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi

---



*Kjarni Þórkötlustaðaherfis, Þórkötlustaðir, Buðlunga, Einland, Sólbakki og Buðlunga. Mynd: Fornleifastofnun Íslands*



Fyrsti eigandi: Indriði Guðmundsson  
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð



Auðsholt 2017, horf til norðvesturs



Auðsholt 2017, horft til austurs

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	2001 Viðbygging við Auðsholt, sökkjar og botnplata staðsteypt, útveggir úr	Haraldur Valbergsson, Byggingatæknifræðingur
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:	Flatt þak	Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit:	Kvistir Portbyggt Ris	Einlyft Inngönguskúr (bíslag) Kvistir Ris Glerskáli/Sólstofa		

## Saga

### Lýsing húss:

Húsið er steinsteypt en einangrað að utan og klætt bárujárn. Það er ein hæð og portbyggt ris með mænisþaki. Á miðri suðurhlíð er mænikvistur og við norðurhlíðina er einlyft viðbygging með lágreistu risþaki þar sem gengið er í húsið. Við suðurhlíðina er stór glerskáli með einhalla þaki. Gluggaskipan hússins virðist upphafleg en gluggagerðin gjörbreytt.

### Saga húss:

"Húsið byggði Indriði Guðmundsson árin 1935-1940. Það var fyrst með flötu þaki en hann setti síðan ris á það 1945 [en það ár er gefið upp sem byggingarár í fasteignamat] sem Jón Guðmundsson frá Ísólfskála innréttaði og bjó þar fyrstu árin". Auðsholt var með vindmyllu til ljósa áður en Sogsvirkjun var lögð til Grindavíkur. Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis (Loftur Jónsson), 2. 2. júlí 2001: Sótt er um leyfi til að byggja við núverandi hús samkv. erindi dags. 25.06.2001. Afgreitt á 392. fundi skipulags- og byggingarnefnd. Samþykkt. Umsóknin samræmist lögum nr. 73/1997 og 82/1994. 28. júlí 2003: Óskað eftir að húseigninni verði breytt í einbýli í stað tvíbýli. Samþykkt á 421. fundi skipulags- og byggingarnefndar

### Annað á lóð:

Á lóðinni er kofi, líklega geymsla (hús 17), lítill kofi úr tofi sem líklega var kartöflugeymsla (hús 24) og lélegt skýli sem er slegið upp úr timbri og bárujárn (hús 30).


## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Klassískt steinhús frá miðri 20. öld
Menningar sögulegt gildi:	Miðlungs	Klassískt steinhús frá miðri 20. öld
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti hverfisins
Upprunalegt gildi:	Lágt	Margvíslegar breytingar hafa verið gerðar á húsinu
Tæknilegt ástand:	Lágt	Að ytri útliti að dæma

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið hefur varðveislugildi sem huti af svipmóti hverfisins

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti





*Staðsetning hússins merkt með gulum punkti*

Fyrsti eigandi: Guðmundur Guðmundsson  
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð



Bjarmaland 1986, horft til norðurs



Bjarmaland 2017, horft til norðausturs

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Timbur, bindingar		
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:		Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:		Hlaðin úr tilhöggnu grjóti		
Útlit:	Einlyft Kjallari Reykháfur	Einlyft Ris Kjallari Viðbygging Útskot (karnap)		

## Saga

### Lýsing húss:

Bjarmaland er einlyft timburhús á hlöðnum kjallara með portbyggðu risi og mænisþaki. Á báðum hliðum þaksins er mæniskvistur. Inngönguskúr er við vesturgafli með hjámiðjuþaki og nær skúrin eftir allri norðurhlið hússins þar sem hann er með einhalla þaki og nær hann austur fyrir eystri gafflinn þar sem þakið verður aftur hjámiðjulaga. Húsið er allt klætt nýlegu bárujárni. Gluggar eru nýlegir með svipmóti gamalla glugga nema á kvistunum báðum þar sem gluggarnir eru annarrar gerðar. Sperrutær og gluggagerð (nema á kvistum) vitna um Sveitserhúsaáhrif.

### Saga húss:

"Það hús byggði Guðmundur Guðmundsson frá Klöpp árið 1925. Því húsi hefur nú töluvert verið breytt" Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), 4. Samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) var húsið byggt á tímabilinu 1920-1924, sbr. myndband af ÍSMUS. 2. desember 2002: Sótt er um byggingarleyfi fyrir endurbótum skv. teikningu Sigurðar H. Ólafssonar BFÍ 08.11.2002. Samþykkt á 413. fundi bygginganefndar, nefndin tekur vel í erindið. 30. apríl 2007: Ómar Davíð Ólafsson, kt. 230478-2959, Bjarmalandi, 240 Grindavík, sækir um byggingarleyfi fyrir endurbyggingu og stækkun hlöðu ásamt því að matshlutunum verði breytt í bílsgeymslu við Bjarmaland, skv. teikningum frá Sigurði H. Ólafssyni byggingarfræðingi dags. 25.04.07. Samþykkt á 469. fundi skipulags- og byggingarnefndar. Strompur var í húsinu miðju áður en hefur nú verið fjarlægður.

### Annað á lóð:

Austan við íbúðarhúsið er stórt, einnar hæðar bárujárnshús (sjá hús 06). Annað hús er um 20 m suðvestan við íbúðarhús og var það hlaða frá Bjarmalandi (sjá hús 16). Fjárhús frá Bjarmalandi (hús 13) er um 66 m sunnan við það en ekki innan núverandi lóðar. Tveir kofar til viðbótar eru teljast mögulega tilheyrja Bjarmalandi líka. Annar er hænsnakofi (hús 28) tæpum 30 m SSV við Bjarmaland og hinn svipaður (hús 29) um 40 m SSV við Bjarmaland. Hús 28, 29 og 16 eru á sama grasblettinum (ásamt húsi 15 sem tilheyrði Valhöll). Grjótgarður afmarkar blettinn sem 28-29 eru innan og er tóft úr torfi og grjót GK-011:035 fast austan við 28.


## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Klassískt timburhús frá fyrri hluta 20. aldar
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Klassískt timburhús frá fyrri hluta 20. aldar
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti hverfisins
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Breytingar á húsinu falla vel að upprunalegri gerð
Tæknilegt ástand:	Hátt	Yfirbragð hússins ber það með sér

**Varðveislugildi:** Miðlungs Húsið hefur varðveislugildi sem huti af svipmóti hverfisins

**Verndarflokkar:** Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti





Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun: Þjónusta

Núverandi notkun: óvíst hvort búið er í Bjarnarhöfn



Bjarnarhöfn 2017 horft til NNA



Bjarnarhöfn og Fögruvellir 2017, horft til norðurs

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur		Timbur		
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit: Einlyft		Viðbygging		

## Saga

Saga húss:

Bjarnarhöfn var byggt 1963 og var verbúð. Engar bókanir um húsið í fundargerðabókum.

Lýsing húss:

Um er að ræða tvö hús (hitt er Fögruvellir) sem tengd eru með byggingu á milli þeirra. Húsið sem fjær er götunni, Bjarnarhöfn, timburhús með einhalla þaki. Húsið og viðbyggingar eru með bárujárnsklæðningu en að hluta til er þó um trapisujárn að ræða. Húsin er óvandað. Fyrir nokkrum árum keypti sami maður Bjarnarhöfn og Fögruvelli og býr í öllu húsinu sem hann nefnir Bjarnarborg.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Lágt Einfalt og óvandað timburhús

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Húsið tengist atvinnusögu hverfisins


Umhverfisgildi: Miðlungs Sem hluti af svipmóti hverfisins

Upprunalegt gildi: Miðlungs Húsið hefur ekki breyst mikið

Tæknilegt ástand: Lágt Af ytra útliti húss að dæma

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið hefur varðveislugildi sem huti af svipmóti hverfisins

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi: Júlíus Daníelsson og Sigríður Þorleifsdóttir  
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: ekki vitað



Brautarholt, ljósmynd frá Lofti Jónssyni



Brautarholt 2017, horft til norðausturs

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:		Einhalla (skúrþak)		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit:				

## Saga

### Lýsing húss:

Um er að ræða bárujármsklætt hús með einhalla þaki. Dyr eru á vesturhlíð og á hurðinni er málmskilti með ártalinu 1947 en húsið var byggt árið 1934 samkvæmt Húsakönnun Loftis Jónssonar. Á suðurhlíð eru tveir gluggar með tveimur lóðréttum póstum hvor. Umbúnaður þeirra bendir til þess að húsið sé steinsteypti og einangrað að utan. Þakið slútir fram yfir norðurhlíðina og á henni er einn lífíll gluggi. Austurveggur hússins er láréttur að ofan og nær upp fyrir þakið. Bárujárnið á húsinu er nýlegt.

### Saga húss:

"Þetta hús byggðu hjónin Júlíus Daníelsson og Sigríður Þorleifsdóttir 1934 og bjuggu þar til 1956" Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis (Loftur Jónsson), 2. Engin erindi um húsið í fundargerðarbókum skipulags- og byggingarnefndar Grindavíkur. Húsið var byggt sem íbúðarhús en síðar var þar vog fyrir Hraðfrystihúsið en nú eiga íbúar Staðholts það og lána það hljómsveit sem er að æfa og taka upp í því.


Önnur hús á lóð:

Engin.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einkennalítið og einfalt hús
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Einkennalítið og einfalt hús
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið er talsvert breytt
Tæknilegt ástand:	óvíst	Húsið er nýlega endurbætt

Varðveislugildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti hverfis
Verndarflokkar:	Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti	



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti



Fyrsti eigandi: börn Eyjólfssonar og Ingibjargar Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð



Buðlunga mynd frá Lofti Jónssyni



Buðlunga 2017, horft til norðurs

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:		Múrsléttað		
Þakgerð:		Valmaþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit:	Reykháfur	Inngönguskúr (bísлаг) Útitróppur		

## Saga

### Lýsing húss:

Buðlunga er steinsteypt hús, ein hæð með lágu valmaþaki, klæddu nýlegu bárujárn og með nýjum þakrennum og niðurföllum. Gluggaskipan er líklega upphafleg en gluggagerðin breytt. Gluggar eru nýlegir, klæddir plasti að utan. Gerð hússins sem ber einkenni fúnkisstefnunnar varð vinsæl á byrjun 4. áratugar 20. aldar og rekja má til Þóris Baldvínssonar arkitekts á Teiknistofu landbúnaðarins.

### Saga húss:

Buðlunga var hjáleiga frá Þórkötlustaðum, fyrst getið 1703 samkvæmt Jarðabók Árna og Páls (JÁM III, 13). Enn hjáleiga 1801 og 1847. (JJ, 84) en húsið var fært ofar í túnið undan sjávarágangi um 180. (SSGK, 139). Um eldri staðsetningu Buðlungu vísast í fornleifaskrá (GK-012:001 og GK-012:002). Árið 1932 stóð timburhús í Buðlungu samkvæmt Fasteignabók 1932, 77. Núverandi hús var byggt 1933. "Í gömlu Buðlungu bjuggu Eyjólfur Jónsson og Ingibjörg Jónsdóttir. Börn þeirra byggðu nýtt hús 1933 og er það það eina sem eftir stendur." Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), 4. Engin erindi um húsið í fundargerðarbókum skipulags- og byggingarnefndar Grindavíkur. Reykháfur var áður vestarlega á húsinu en hefur verið fjarlægður og vindmylla var áður á þaki hússins en hefur verið fjarlægð.

### Annað á lóð:


Í fasteignamati eru skráð fjárhús, hlaða (hús 05) og bílskúr sem er nýlega horfinn (a.m.k. má sjá húsin á nýlegri loftmynd rúmlega 20 m austan við Buðlungu). Á lóðinni er að auki lítil færanlegur skúr eða geymsla (hús 26).

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Steinsteypt hús frá fyrri hluta 20. aldar í anda Þóris Baldvínssonar
Menningar sögulegt gildi:	Miðlungs	Steinsteypt hús frá fyrri hluta 20. aldar í anda Þóris Baldvínssonar
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti af svipmóti hverfisins
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Hefur ekki breyst mikið
Tæknilegt ástand:	Lágt	Af ytra útliti húss að dæma

**Varðveislugildi:** Miðlungs Húsið hefur varðveislugildi sem huti af svipmóti hverfisins

**Verndarflokkar:** Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi: Magnús Þórðarson og Ingibjörg Þorsteinsdóttir  
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: í eyði.



Búðir 1986, horft til suðurs



Búðir 2017, horft til norðurs

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Timbur, bindingar		
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:		Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit:		Einlyft Ris Portbyggt Viðbygging Inngönguskúr (bíslag)		

## Saga

### Lýsing húss:

Búðir eru einlyft timburhús með portbyggtu risi undir mænisþaki. Við norðurhlíð þess er skúrbygging með einhalla þaki sem líklega hefur risið í tveimur áföngum. Í þeim hluta hennar sem fyrr reis hefur gólfíð verið í sömu hæð og í meginhúsinu. Viðbyggingin hefur verið breikkuð og þakið lengt með sama halla og gólfíð í viðbótinni því þurft að vera neðar. Á norðurhlíð viðbyggingarinnar er samfelld gluggaröð. Við vesturgaflinn er önnur viðbygging eða inngönguskúr, allstór með hornglugga og valmaþaki. Þak hússins er klætt bárujárn en veggir klæddir „prófiljárni“. Gluggar eru allir af tiltölulega nýrri gerð. Húsið stendur autt og er í afar slæmu ástandi. Ekkert gler er lengur einum kjallraglugganum og það stendur því opið.

### Saga húss:

Núverandi hús var byggt 1928. Líklega sama hjáleiga og kölluð var Búðarhóll í Fasteignamati frá 1916-1918 og er býlið þar talið önnur önnur hjáleiga frá miðbæ Þórkötlustaða. Mögulegt virðist að eldra íbúðarhús hafi staðið eitthvað norðan við núverandi hús. Loftur Jónsson telur húsið byggt 1928 sbr: "Búðir: Hjónin Magnús Þórðarson og Ingibjörg Þorsteinsdóttir byggðu núverandi hús 1932. Þar stóð annað hús áður." Á Búðum var vindmylla til ljósa áður en Sogsvirkjun var lögð til Grindavíkur. Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), bls. 2.

27. september 2004: Óskað eftir leyfi fyrir atvinnubyggingu og grindverki samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti. Synjað á 435. fundi skipulags- og byggingarnefndar þar sem umsókn er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag.


### Önnur hús á lóð:

Illla farið hús (hér nefnt "Nafnlaust íbúðarhús") er skammt suðaustan við íbúðarhúsið. Umrætt hús var notað sem hjallur og geymsla svo lengi sem heimildamenn muna. Þar skammt frá stóðu Miðhús sem flutt voru í Járngerðarstaðahverfi (GK-011:142). Talsvert af garðlögum (GK -011:042) eru í kringum lóðina.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Klassískt timburhús frá fyrri hluta 20. aldar
Menningar sögulegt gildi:	Miðlungs	Klassískt timburhús frá fyrri hluta 20. aldar
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur verið breytt talsvert
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið er í vanhirðu
Varðveislugildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti hverfis
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti





Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Iðnaður  
Núverandi notkun: Þjónusta



Dreifistöð 2017, horft til NNA



Dreifistöð 2017, horft til vesturs

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteyp

Steinsteyp

Útveggir: Múrsléttað

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

**Saga**

Lýsing húss:


Nýlegt steinsteypuhús með steypu, flötu þaki. Ástand gott.

Saga húss:

Byggingarár vantar. Ekki íbúðarhús.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einfaldur skúr
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Einfaldur skúr
Umhverfisgildi:	Lágt	Án samhengis við umhverfi
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Lítilsháttar breytingar
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Af ytra útliti að dæma
<b>Varðveislugildi:</b>	Lágt	Án samhengis við umhverfi
Verndarflokkar:	Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti	



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti



Teikningar að breytingum á Efralandi frá 1981

Fyrsti eigandi: Jón Jónsson og María Jónsdóttir  
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð



Efraland 1975, ljósmynd í eigu ábúenda



Efraland 2017, horft til NNV

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteyp		Steinsteyp	1981 Húsið var hækkað og gerð efri hæð ofan á þá sem fyrir var.	P. Sigurðsson,
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:		Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteyp		
Útlit:		Tvílyft Inngönguskúr (bíslag) Viðbygging Kjallari		

## Saga

### Lýsing húss:

Efraland er steinsteypuhús, einangrað að utan og klætt bárujárn. Við vesturgafi þess og alla norðurhlíð er einlyft viðbygging. Húsið er að steinsteypum undirstöðum. Á sökklínum er lárétt bárujárn en lóðrétt á veggjum. Þakkegg eru klædd láréttum borðum, dökkum á lit. Ytra byrði hússins er allt nýlegt, bæði klæðningar og gluggar.

### Saga húss:

Húsið var reist árið 1939 sem einnar hæðar hús en umfangsmiklar endurbætur gerðar árið 1975 m.a skúrbyggingu bætt við að norðan og vestan. Það ár er ranglega talið byggingarár í fasteignaskrá. Árið 1982 var húsið hækkað um eina hæð. Árið 2004 var húsið klætt bárujárn (aluzinki). Upplýsingar frá ábúendum október 2017. "Fyrir norðan Einlandstún og gamla Krýsuvíkurveg er húsið Efraland. Það hús byggðu hjónin Jón Jónsson og María Jónsdóttir árið 1938-1939." Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis (Loftur Jónsson), 5. 5. nóvember 2001: Samúel Alfreðsson sækir um byggingarleyfi til að klæða húsið að utan með aluzink. 396. fundur skipulags- og byggingarnefndar: Nefndin tekur vel í erindið.


### Annað á lóð:

Um 30 m norðan við Efraland var braggi (nú horfinn) og fjós sem grjóthleðslur standa eftir af (GK-011:045). Á Efralandi var vindmylla vindmylla til ljósa áður en Sogsvirkjun var lögð til Grindavíkur. Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis (Loftur Jónsson), 2.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Ber í sér flókna byggingasögu
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Ber í sér flókna byggingasögu
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið hefur tekið stórfelldum breytingum
Tæknilegt ástand:	Hátt	Af ytra útliti húss að dæma
Varðveislugildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti
Verndarflokkar:	Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti	





Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi: Jón Þórarinsson og Guðbjörg Jónsdóttir  
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: í eyði



Einland 1986 horft til NNV, Árni Guðmundsson



Einland 2017, horft til norðausturs

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Timbur, bindingar		
Útveggir:		Stálplötur		
Þakgerð:		Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:		Hlaðin úr tilhöggnu grjóti		
Útlit:		Ris Reykháfur		

## Saga

### Lýsing húss:

Einland er timburhús, ein hæð með portbyggðu risi undir bröttu mænisþaki á lágum undirstöðum, líklega hlöðum úr grjóti og bundnu með sementsmúr. (Ekki auðvelt að komast að undirstöðunum til að ganga úr skugga um þetta atriði.) Veggir eru klæddir málmplötum með nútímalegum prófíl. Á norðurgaffli má sjá leifar af múrhúð sem verið hefur utan á veggjum. Steinsteypur reykháfur er upp úr miðju þakinu og upp úr honum leirrör. Dyr eru á vesturhlíð. Gluggasetning er líklega upprunaleg en neglt er fyrir flesta glugga og því óvist um gerð þeirra. Á suðugaffli í risinu er nú stærri gluggi en verið hefur upphaflega. Húsið er ekki í notkun.

### Saga húss:


Fyrst getið sem hjáleigu frá Þórkötlustöðum 1703 í Jarðabók Árna og Páls. (JÁM III, 13). Samkvæmt þeim Árna Guðmundssyni (1891-1991) og Jóni Danielssyni (1904-1987) var húsið byggt fyrir 1900 af Eiríki Ketilssyni í Járngerðarstaðahverfi og flutt í Þórkötlustaðahverfi í einu lagi, líklega í kringum 1910. Þar bjuggu þau Jón Þórarinsson og kona hans Guðbjörg Jónsdóttir fyrst í húsinu. "Árið 1896 var annað hús á sama stað. Ísleifur Jónsson jarðeðlisverkfræðingur fæddist hér og ólst upp. Hann starfaði um árabíl í Afríku á vegum Sameinuðu þjóðanna." Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), 4. Líklega flutti Jón húsið og kom því fyrir á nýjum stað enda getur Árni hans, og segir börn hans eigendur 1986. 7. júlí 2003: Ísleifur Jónsson óskar eftir samþykki fyrir viðbyggingu tveggja íbúðargáma við núverandi hús og setja á þá þak. 420. fundur skipulags- og byggingarnefndar: Frestað, byggingarfulltrúa falið að afla frekari gagna. Ekki virðist hafa orðið að þessum framkvæmdum.

### Önnur hús á lóð:

Ekki eru önnur hús undir þaki við Einland en tóftir eldri bæjar (GK-014:001) eru um 5 m norðan við íbúðarhúsið og talsverðar hleðslur þeim tengdar (sjá einnig númer GK-014:002-005) í fornleifaskrá.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Elsta hús hverfisins, klassískt timburhús frá aldamótunum 1900.
Menningar sögulegt gildi:	Hátt	Elsta hús hverfisins, klassískt timburhús frá aldamótunum 1900. Flutt úr Járngerðarstaðahverfi
Umhverfisgildi:	Hátt	Eitt mikilvægasta húsið í svipmótinu
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Umtalsverðar breytingar þótt formið sé óbreytt
Tæknilegt ástand:	Lágt	Af ytra útliti húss að dæma
Varðveislugildi:	Hátt	Elsta hús hverfisins
Verndarflokkar:		Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



*Staðsetning hússins merkt með gulum punkti*

Fyrsti eigandi: Marell Guðmundsson  
Hönnuður:

Upphafleg notkun:  
Núverandi notkun: Íbúð



Fögruvellir 2017, horft til vesturs

Fögruvellir 2017, horft til norðausturs

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:		Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:		Ris Viðbygging		

## Saga

### Lýsing húss:

Fögruvellir eru ein hæð með lágu risþaki. Gaflveggir ná upp fyrir þakið. Húsið er tengt Bjarnarhöfn með a.m.k. tveimur millibyggingum. Allar eru byggingarnar með bárujárnsklæðningu en að hluta til er þó um trapisujárn að ræða. Af umbúnaði glugga Fögruvalla má ætla að húsið sé með steinsteyptum útveggjum.

### Saga húss:

Í suðausturhluta þess hús sem hefur verið tengt saman og kallast nú Bjarnarborg (verbúð HÞ). "Marell Guðmundsson byggði þar hús yfir fjölskyldu sína 1930. Eftir að hann dó úr berklum var húsið rífið af lánadrottni Marels (Einari kaupmanni í Garðhúsum). Síðar var sett þak á steiptan grunn hússins og gert að barnaskóla. Þar var hafður barnaskóli í Þórkötlustaðahverfi þar til nýr barnaskóli tók til starfa í Járngerðarstaðahverfi árið 1948. ... Hraðfrystihús Þórkötlustaða keypti síðan eignina og byggði þar verbúð fyrir aðkomustarfsfólk." Húsakönnun Lofts Jónssonar, bls. 3. Samkvæmt Lofti Jónssyni var húsið um tíma einfaldlega kallað "Skólinn". Þar var líka bókasafn um skeið. Byggt var við húsið, a.m.k. 2 sinnum í minni Lofts. Húsið hefur verið tengt Bjarnarhöfn með viðbyggingu og nú á sami maður báða hluta og býr í húsinu öllu og nefnir það saman Bjarnarborg. Engin erindi um húsið í fundargerðarbókum skipulags- og byggingarnefndar Grindavíkur.

Önnur hús á lóð:

Engin.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Menningar sögulegt gildi:

Umhverfisgildi:


Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

## Varðveislugildi:

Verndarflokkar:





Staðsetning hússins merkt með gulum punkti



Umsókn um viðbyggingar við Garðbæ frá 2001

Fyrsti eigandi: Daníel Daníelsson og Þóra Jónsdóttir  
Hönnuður:

Upphafleg notkun:  
Núverandi notkun: Íbúð



Garðbær óvíst ártal, mynd frá Lofti Jónssyni



Garðbær 2017, horft til norðurs

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Timbur, bindingar	2001 Það hús sem stóð var endurbyggt "að mestu leiti og stækkað með nýrri	Gunnar Guðnason, Páll Hjaltason og Hans Vera, Arkitekt
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:		Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit:	Reykháfur	Einlyft Portbyggt Ris Viðbygging		

## Saga

### Lýsing húss:

Garðbær er timburhús, ein hæð með portbyggðu risi með stórum viðbyggingum við báða gafla með einhalla þökum. Allt er húsið klætt nýju bárujárni. Gluggasetning hússins er líklega upphafleg en gluggar eru nýlegir og flestir með nýju sniði. Gaflgluggar í risinu eru þó með krosspóstum. Gluggar viðbygginganna eru með nútímasniði. Í hluta af vestari viðbyggingunni er líklega bílskúr með bráðabirgðahurð fyrir dyrum og er hann sambyggður húsinu.


### Saga Húss:

Býlið var í byggð 1917 þegar túnakort er gert fyrir svæðið og eru þá nokkur hús sýnd þar. Núverandi hús byggðu 3 af börnum þeirra 1933 en því hefur verið breytt nokkuð síðan" Húsakönnun Þórkötlustaða (Loftur Jónsson). Samkvæmt Jóni Daníelssyni (1904-1987) var um tíma (líklega um 1910) skóli í Garðbæ í tvo vetur (sbr. Myndband tekið upp í 26. júlí 1986. Árni Guðmundsson í Teigi og Jón Daníelsson. Úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Ísmus. <https://vimeo.com/113794968>). 24. september 2001: Sótt er um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við og endurbyggingu á Garðbæ skv teikningu m3 arkitekta ágúst 2001. 394. fundur skipulag- og byggingarnefnd. Samþykkt Önnur hús á lóð:

Fáeinum metrum norðan við eystri viðbygginguna er bárujárnsskúr og tengir timburþil hann og viðbyggingarinnar og er bílskúrin því skráður með húsinu. Þrjú lítil hús (hús 23-25) eru um 50 m norðan við Garðbæ (merkt Garðbær II á upprátt) og eru þær allar skráðar sérstaklega en undir landnúmeri Garðbæjar II.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Klassískt timburhús frá fyrri hluta 20. aldar
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Klassískt timburhús frá fyrri hluta 20. aldar
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Sem mikilvægur hluti af svipmóti
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Upprunalegur hluti hússins greinilegur þrátt fyrir miklar viðbyggingar
Tæknilegt ástand:	Hátt	Af ytra útliti húss að dæma
Varðveislugildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti hverfis
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



*Staðsetning hússins merkt með gulum punkti*

Fyrsti eigandi: Guðmundur Jónsson og Ingibjörg Elíasdóttir  
Hönnuður:

Upphafleg notkun:  
Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Heimaland 2017, horft til norðurs



Heimaland 2017, horft til ANA

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Hlaðið, holsteinn	Hlaðið, holsteinn		
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:		Geiraris		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Inngönguskúr (bíslag) Reykháfur Viðbygging		

## Saga

### Lýsing húss:

Húsið er steinhús með geirarisi og hornluggum af þeirri fúnkishúsagerð sem helst verður rakin til Þóris Baldvinssonar og Teiknistofu Landbúnaðarins. Bárujárn er á þakinu og veggir eru klæddir bárujárni að utan. Nýleg skúrbygging er við norðurhlöðina og inngönguskúr eða bíslag við vesturhlöð. Í Fasteignamati er húsið sagt vera úr holsteini.

### Saga húss:

"Næst norð-vestan við Þórsmörk er Heimaland. Það hús byggðu Guðmundur Jónsson og Ingibjörg Elíasdóttir 1943. Guðjón Guðmundsson sem er sonur þeirra starfaði um árabili sem framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaganna á Suðurnesjum," Heimaland var með vindmyllu til ljósa áður en Sogsvirkjun var lögð til Grindavíkur. Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis (Loftur Jónsson), 5,2. Engin erindi um húsið í fundargerðarbókum skipulags- og byggingarnefndar Grindavíkur. Talsverðar endurbætur voru að hefjast við húsið þegar húsakönnun var gerð. Eigandi hússins nú er barnabarn Guðmundar og Ingibjargar. Hann er að endurbyggja húsið að verulegu leyti, en lögun þess mun haldast óbreytt. Stefnt er að því að endurnýja glugga með upphaflegu sniði.

### Önnur hús á lóð:

Fjárhús frá Heimalandi var áður sunnan malarveggar (GK-011:137) en það hefur nú verið rífið að mestu þótt leifar steypu og grjóthleðslu sjáist enn.


## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Steinsteypuhús með svipmóti Þóris Baldvinssonar
Menningar sögulegt gildi:	Miðlungs	Steinsteypuhús með svipmóti Þóris Baldvinssonar
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Sem hluti af heild
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Lögun hússins lítið breytt þrátt fyrir viðbyggingar
Tæknilegt ástand:	óvíst	Þegar húsið var skráð voru að hefjast endurbætur

Varðveislugildi: Miðlungs Sem hluti af svipmóti hverfis

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti





Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi: Sigurður Ólafsson og Guðbjörg Eysteinsdóttir  
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð



Hof 1986, horft til ANA



Hof 2017, horft til NNA

### Gerð húss:

### Upphafleg:

### Núverandi:

### Helstu breytingar:

### Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni: Timbur, bindingar

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Timbur, bindingar

Bárujárn

Mænisþak

Bárujárn

Steinsteypt

Einlyft

Inngönguskúr (bislög)

Ris

Kjallari

Útitróppur

### Saga

#### Lýsing húss:

Hof er timburhús, ein hæð með háu risþaki á háum steinsteyptum kjallara. Inngönguskúr með einhalla þaki er við vesturgöf og tröppur að útidrym. Allt er húsið klætt bárujárni og trapisjárni. Láréttar plötur eru utan á kjallaranum og tröppum en lóðréttar á 1. hæðinni. Láréttar plötur eru á vesturgöflinum ofan við bislagið. Gluggaskipan er líklega upphafleg en gluggagerðin nýleg. Frágangur ytri klæðningar og gluggagerðin stinga nokkuð í stúf við upphaflega gerð hússins.

#### Saga húss:

"Hjónin Sigurður Ólafsson og Guðbjörg Eysteinsdóttir byggðu húsið 1935." Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis (Loftur Jónsson), 3. Engin erindi um húsið í fundargerðarbókum skipulags- og byggingarnefndar Grindavíkur.

Önnur hús á lóð:

Í fasteignamat er skráð fjárhús og hlaða (hús 03) sem tilheyrir mögulega Hof 2.

### Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Klassískt timburhús frá fyrri hluta 20. aldar

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Klassískt timburhús frá fyrri hluta 20. aldar


Umhverfisgildi: Miðlungs Sem hluti af svipmóti

Upprunalegt gildi: Miðlungs Lögum upprunalega hússins lítið breytt þrátt fyrir viðbyggingar

Tæknilegt ástand: Miðlungs Af ytra útliti húss að dæma

Varðveislugildi: Miðlungs Sem hluti af svipmóti hverfis

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



*Staðsetning hússins merkt með gulum punkti*

Fyrsti eigandi: Óskar Ágústsson og og Margrét Sigurðardóttir  
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð



Hof 2 2017, horft til ANA

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:		Múrsléttað		
Þakgerð:		Mænisþak		
Þakklæðning:				
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit:		Ris		

## Saga

### Lýsing húss:

Steinsteypt hús með lágu risi. Dæmigerð húsagerð sem mjög algeng var á seinustu áratugum 20. aldar. (Minnir óneitanlega á hús sem Kjartan Sveinsson teiknaði í stórum stíl).

### Saga húss:

"Hjónin Óskar Ágústsson og og Margrét Sigurðardóttir byggðu húsið 1977" Húsakönnun Þórkötlustaða (Loftur Jónsson), 3.

Engin erindi um húsið í fundargerðarbókum skipulags- og byggingarnefndar Grindavíkur.

### Önnur hús á lóð:

Bílskúr var byggður 1979 en hann er sambyggður og því skráður með hús. Reykkofí sem tilheyrir húsinu er um 90 m sunnar, við fjórubakkann (hús 04).

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Dæmigert fyrir ákveðið tímabil (1960-1980) í íslenskri byggingalist
Menningar sögulegt gildi:	Miðlungs	Dæmigert fyrir ákveðið tímabil (1960-1980) í íslenskri byggingalist
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Framlag til margbreytileika hverfisins
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur lítið sem ekkert verið breytt
Tæknilegt ástand:	Hátt	Af ytra útliti húss að dæma
Varðveislugildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti svæðis
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti





Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:

Upphafleg notkun: lðnaður  
Núverandi notkun: Þjónusta



Hraðfrystihúsið. Mynd frá Lofti Jónssyni



Hraðfrystihúsið 2017, horft til suðurs

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	1971 Stækkun hraðfrysthúss.	Rögvaldur Jónsson, Arkitekt
Útveggir:		Múrsléttað		
Þakgerð:		Mænispak	2015 Byggingu breytt úr frystihúsi yfir í hesthús og geymslur. Útlit hússins	Kristinn Ragnarsson, Arkitekt
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Viðbygging		

## Saga

### Lýsing húss:

Hraðfrystihúsið er steinsteypt bygging með bárujárnsþaki sem reis í mörgum áföngum.

### Saga húss:

Byggt 1946 og tók til starfa 1947. "Næstu árin á eftir var húsnæðið mikið stækkað. Þegar gerð var höfn í Hópinu og bátar þyngdust vegna véla og þar af leiðandi erfiðara að setja þá upp á kampa, þá varð mikil fólksfækkun í Þórkötlustaðahverfi. Margir íbúanna, sem ekki vildu flytja og skilja hús sín eftir án þess að geta selt þau, tóku sig saman í félagsskap til að standa fyrir atvinnu á staðnum og úr varð bygging frystihúss. Það voru talsverð umsvif á þeirri tíma mælikvarða. Það voru gerð út allt að 5 fiskiskip á sama tíma og af mismunandi stærðum (stærsta 200 br.) og einnig keyptur fiskur af öðrum bátum til verkunar í salt, skreið og frost. Eftir gjaldþrot 1992 eignaðist Samherji hf húsið og nýtti það sem laxa- og sláturhús í nokkur ár. Árið 2007 urðu eigendaskipti og því breytt í hesthús og vagnageymslu" Húsakönnun Þórkötlustaðaness (Loftur Jónsson), 2. 16. nóvember 1953- Lagt fram bréf frá Hraðfrystihúsi Þórkötlustaðar þar sem sótt er um leyfi til að stækka fiskihús félagsins. Nánar á fylgiskjali nr 1. 21. fundur. 27. ágúst 2007: Marver ehf. leggur inn fyrirspurn til nefndarinnar varðandi breytingar á fasteigninni Hraðfrystihús Þórkötlustaðar. Breytingin felur í sér að breyta húsnæðinu í hesthús og hlöðu, reiðskemmu og geymsluhúsnæði. Fyrirhugað er m.a. að klæða allt húsið að utan með liggjandi báruáli, fjölga gluggum og hurðum, mála húsið í litum sem falla betur í umhverfið, setja mön að austanverðu og gera gerði að sunnanverðu til þess að ónæði af hrossum verði sem minnst fyrir íbúa Þórkötlustaðarhverfis. Sjá nánar á meðfylgjandi teikningu og myndum. 473. fundur skipulags- og byggingarnefndar: Nefndin tekur jákvætt í erindið og felur bæjarverkfræðing að gerð verði tillaga að breyttu aðalskipulagi á umræddri lóð með tilliti til fyrirhugaðrar breyttrar landnotkunar.

Önnur hús á lóð:


Braggi er suðvestan við frystihússamstæðuna (hús 21).

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Flókin byggingarsaga sem endurspeglar atvinnusögu hverfisins
Menningar sögulegt gildi:	Miðlungs	Flókin byggingarsaga sem endurspeglar atvinnusögu hverfisins
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Allar viðbyggingar eiga sér upprunalegt gildi
Tæknilegt ástand:	Hátt	Af ytra útliti húss að dæma

Varðveislugildi: Miðlungs Sem hluti af svipmóti

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi: Ásmundur Jónsson og Kolbrún Guðmundsdóttir Upphafleg notkun: Íbúð  
 Hönnuður: Núverandi notkun: Íbúð



Lambhúskot 2017, horft til norðurs



Lambhúskot 2017, horft til norðurs

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:				
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:		Einhalla (skúrþak)		
Þakklæðning:				
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit:		Svalir Glerskáli/Sólstofa		

## Saga

### Lýsing húss:

Lambhúskot er nýlegt íbúðarhús úr steinsteypu, klætt að utan með bárujárni og timbri. Byggt 2008.

### Saga húss:

Lambhúskots er hjáleiga frá Þórkötlustöðum og er fyrst getið árið 1703 í Jarðabók Árna og Páls (JÁM III, 13) en ekki getið 1840 (SSGK, 139). Hjáleigan er merkt inn á túnakort frá 1917 og eru þar sýnd nokkur hús og kálgarður. "Þórkötlistaðavegur 9: Það hús byggðu Ásmundur Jónsson og Kolbrún Guðmundsdóttir árið 2008 en eldri bærinn, hinn upprunalegi var "í túninu rétt austan við þar sem Ásmundur Jónsson byggði sitt hús. [...] Hjón sem bjuggu þar síðast voru Helgi og Guðfinna, sem byggðu Stafholt." Húsakönnun í Þórkötlistaðahverfi (Loftur Jónsson), bls. 1 og 3. 14. ágúst 2006: Lagt er fyrir nefndina þrjú bréf vegna grenndarkynningar á fyrirhuguðu einbýlishúsi og stökum bílskúr Lambhúsakots í Þórkötlistaðarhverfi. 459. fundur skipulags- og byggingarnefndar: Nefndin hafnar þeim athugasemdum sem bárust vegna grenndarkynningarnar á fyrirhuguðu einbýlishúsi og stökum bílskúr Lambhúsakots í Þórkötlistaðarhverfi. Nefndin samþykkir staðsetningu og stærð einbýlishúss og bílskúrs Lambhúsakots í Þórkötlistaðarhverfi sbr. meðfylgjandi uppdrátt grenndarkynningar frá Ástríði Eggertsdóttur dags. 25.11.2005. á fyrirhuguðu einbýlishúsi og stökum bílskúr Lambhúsakots í Þórkötlistaðarhverfi.

### Önnur hús á lóð:


Um 20 m norðaustan við íbúðarhúsið stendur nýlegt, tilsniðið timburhús (hús 12) sem virðist notað sem geymsla/vélahús. Annað tilsniðið hús á lóðinni er sunnan við íbúðarhús og er líklega lystihús/garðhús (hús 25).

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlung	Metnaðarfull nútímaleg byggingarlist
Menningarsögulegt gildi:	Miðlung	Metnaðarfull nútímaleg byggingarlist
Umhverfisgildi:	Miðlung	Framlag til margbreytileika hverfisins
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur ekki verið breytt
Tæknilegt ástand:	Hátt	Af ytra útliti húss að dæma
Varðveislugildi:	Miðlung	Sem hluti af svipmóti
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



# Nafnlaust íbúðarhús



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti



Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:

Upphafleg notkun:  
Núverandi notkun: Þjónaði síðast hlutverki geymslu fyrir



Íbúðarhús, nafn óþekkt, 2017, horft til NNV

Íbúðarhús með óþekktu nafni 2017, horft til NNV

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur, bindingar		Timbur, bindingar		
Útveggir:		Ytri klæðning húss er		
Þakgerð:		Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:		Einlyft Inngönguskúr (bislág) Ris Portbyggt		

## Saga

### Lýsing húss:

Á lóð Búða. Á þessum stað stendur hræ af gömlu íbúðarhúsi sem líklega hefur verið svipaðrar gerðar og Búðir, þ.e. einlyft timburhús með portbyggðu risi. Á tvo vegu hafa síðar risið við það skúrbyggingar og þeir útveggir hússins sem skúrarnir lágu við hafa síðar verið rífnir að mestu leyti. Lögun upphaflega hússins hefur þó haldist að mestu leyti óbreytt og sést vel. Greinilega má sjá hvar strompur hefur verið í þaki en hann hefur verið fjarlægður. Svo virðist sem húsið hafi fyrir löngu breyst í útihús/geymslu frá Búðum.

### Saga húss:


Ekki er vitað hvaða nafn húsið sem hér er skráð bar en á svipuðum slóðum voru bæði Miðhús (GK-011:142) sem var flutt til Grindavíkur og Búðir, sem enn stendur. Ekki könnuðust heimildamenn við að íbúðarhús hefði verið á þessum stað en lögun hússins og gerð þess ber þess óráekt vitni að það þá hefur upphaflega verið íbúðarhús. Ekki er óhugsandi að húsið sé eldri Miðhús og það hús sem flutt var í Járngarðarstaðahverfi hafi þá verið yngra hús sama bæjar. Svo langt aftur sem heimildamenn muna var húsið nýtt sem hjallur/skemma en hænsnakofi var byggður við það að vestanverðu.

### Önnur hús á lóð:


Sjá umfjöllun um Búðir.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Timburhús frá því snemma á 20. öld, sömu gerðar og ýmis önnur timburhús í hverfinu
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Timburhús frá því snemma á 20. öld, sömu gerðar og ýmis önnur timburhús í hverfinu
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti
Upprunalegt gildi:	Lágt	Umtalsverður hluti af byggingarefni hússins er horfinn. Klaster komið í staðinn
Tæknilegt ástand:	Lágt	Frekar hræ en hús
Varðveislugildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti hverfis
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti



Teikningar af Sólbakka frá 2013

Fyrsti eigandi: Þorsteinn Ólafsson og Margrét Daníelsdóttir  
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Sólbakki 1986, horft til norðurs



Sólbakki 2017, horft til norðurs

**Gerð húss:**

Byggingarefni: Steinsteyp

Útveggir:

Þakgerð: Mænisþak

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit: Reykháfur  
Kjallari

**Upphafleg:****Núverandi:**

Steinsteyp

Bárujárn

Geiraris

Bárujárn

Steinsteyp

Kjallari  
Útitróppur

**Helstu breytingar:**

2001 Ekki kemur fram á teikningu hvaða framkvæmdir eru ráðgerðar en virðist

**Hönnuðir breytinga:**

Haraldur Valbergsson,  
Byggingatæknifræðingur

**Saga****Lýsing húss:**

Húsið er ein hæð með lágu valmaþaki með nýlegu bárujárn á veggjum og þaki. Kjallari er undir húsinu. Sunnan við húsið er steinlagður pallur með tröppum úr tilhöggnu hraungrýti og stoðvegg úr þéttara basalti með brotinni áferð. Skrautlisti er undir þakskeggi. Gluggar eru nýlegir og gluggasetningu er gjörbreytt. Húsið hefur tekið stakkaskiptum, líklega a.m.k. tvisvar sinnum að ljósmyndum að dæma og er líklegt að það hafi verið tekið í gegn í kringum 1960 en það ár er skráð byggingarár þess í fasteignamati. Gerð hússins eins og það er nú verður helst kennd við fúnksjónalisma.

**Saga húss:**

"Hjónin Þorsteinn Ólafsson og Margrét Daníelsdóttir byggðu húsið 1925" Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis (Loftur Jónsson), 3. Í fasteignamati er húsið sagt vera timburhús og „afskrifarar“ þess sagt 1960. „Afskrifarar“ og „timburhús“ í fasteignamati vísar líklega til þess að árið 1960 hafi húsið verið talið ónýtt og það ár hafi það verið endurbýgt að miklu leyti og steyp upp. Af gömlum ljósmyndum að dæma var húsið upphaflega með mænisþaki. Af ljósmynd af húsinu frá 1986 sést að því hefur verið talsvert breytt. m.a. gluggum og inngangi. Strompur var áður í húsinu miðju en hefur verið fjarlægður. 1. sept 1999. Sigurður Óli Sigurðsson sækir um leyfi til að klæða húsið að utan með bárujárn. 375. fundur skipulags og byggingarnefndar: Erindi samþykkt. 8. mars 2004: Óskar eftir leyfi til þess að byggja nýja bílgeymslu, þar sem núverandi skúr stendur, samkvæmt uppdætti frá teiknistofunni Örk dags. 16.02.2004. 428. fundur skipulags- og byggingarnefndar Skipulags- og byggingarnefnd tekur jákvætt í erindið, en undirskar að endanlegar teikningar uppfylli ákvæði viðkomandi reglugerða. Símsstöð fyrir Þórkötlustaðahverfi var á tímabili í húsinu samkvæmt upplýsingum af myndbandi af Árna Guðmundssyni og Jóni Daníelssyni frá 1986.

**Önnur hús á lóð:**

Ekkert annað hús stendur undir þaki á lóðinni. Þar voru þó tvö útihús (sjá GK-011:002-003 í fornleifaskrá) og sjást tóftir ynsta hús annars þess enn. Íbúðarhúsið Skarð (GK-011:132) var einnig innan lóðar 1922-1935 en lítil sem engin ummerki sjást nú um það. Bárujárnsklætt timburhús, hugsanlega það sem stendur til að breyta í bílskúr er skammt suðaustan við íbúðarhúsið (hús 11) og ofan við það stóð íbúðarhúsið Laufás sem er horfið (GK-011:053)

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Húsið ber svipmót byggingarlistar frá sínu tímasteiði
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið ber svipmót byggingarlistar frá sínu tímasteiði, á tímabili var í húsinu símsstöð fyrir Þórkötlustaðahverfið
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið hefur tekið miklum breytingum.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Af ytra útliti húss að dæma

**Varðveislugildi:**

Miðlungs Sem hluti af svipmóti

**Verndarflokkar:**

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti / Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti





Fyrsti eigandi: Helgi Jónsson og Guðfinna Hjálmarsdóttir ásamt Upphafleg notkun: Íbúð  
Hönnuður: Núverandi notkun: Íbúð



Stafholt 1986, horft til NNV



Stafholt 2017, horft til VNV

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Timbur, bindingar	2002 "Ætlunin er að lagfæra húsið eins og kostur er. Burðarstoðir og annað	Logi Már Einarsson, Arkitekt
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:		Mænisþak	2002 Nýbygging bílskúrs á lóðinni	Logi Már Einarsson, Arkitekt
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit:		Kjallari Kvistir Glerskáli/Sólstofa Inngönguskúr (bíslag) Reykháfur		

## Saga

### Lýsing húss:

Stafholt er einlyft, bárujárnsklætt timburhús á háum steinsteyptum kjallara sem er lítið sem ekkert niðurgrafinn og gæti allt eins kallast jarðhæð hússins. Með portbyggðu risi undir bröttu mænisþaki. Á suðurhlíð þaksins er breiður kvistur með einhalla þaki sem nær að austurgafli. Við norðvesturgafli er allstór inngönguskúr með timburtröppum að norðurhlíð skúrsins. Gluggasetning og gluggagerð er í samræmi við húsgerðina að mestu leyti, en glerjað er í gluggapósta án gluggaramma. Húsið hefur allt hlotið mikla og allvandaða endurnýjun nýlega. Sperrutær eru skreyttar í samræmi við upphaflega gerð hússins. Við suðvesturhlíð hússins er stór glerskáli og innangengt í hann úr kjallaranum (jarðhæðinni). Skreyttar sperrutær og gluggagerðin benda til áhrifa frá Sveitserhúsagerð.

### Saga húss:

"Byggt 1939. Það byggðu hjónin Helgi Jónsson og Guðfinna Hjálmarsdóttir ásamt sonum sínum (Guðmundi og Magnúsi). Þau áttu áður heima í Lambhúskoti." Húsakönnun í Þórkötlustaðahverfi, Loftur Jónsson, bls. 1 og 2. Stafholt var með vindmyllu til ljósa áður en Sogsvirkjun var lögð til Grindavíkur. 14. janúar 2002: Páll Jóhann Pálsson sótti um leyfi til að rífa núverandi hús og byggja annað skv. meðfylgjandi ríssi. 400. fundur skipulags- og byggingarnefndar: Nefndin tekur jákvætt í málið. 12. ágúst 2002: Sótt er um byggingarleyfi fyrir endurbótum og stækkun skv teikningu Loga Mús Einarssonar ark. 409. fundur skipulags- og byggingarnefndar: Samþykkt. 2. júní 2003: Óskað er eftir því að húseignin Stafholt í Grindavík verði skráð sem einbýli í stað sambýli. 419. fundur skipulags- og byggingarnefndar Samþykkt. 1. desember 2003: Sótt er um byggingarleyfi fyrir bílskúr við Stafholt samkvæmt teikningum frá Loga Má Einarssyni arkitekt dags. 21.07.02. 425. fundur skipulags- og byggingarnefndar: Byggingarfulltrúa er veitt heimild til að gefa út byggingarleyfi þegar öllum skilyrðum er fullnægt.


### Önnur hús á lóð:

Stakstæður bílskúr (hús 18) er skammt norðvestan við íbúðarhúsið. Verkstæði var á lóðinni (sjá GK-011:100 í fornleifaskrá) og sjást steypuleifar eftir það og sömuleiðis var vindmylla og tóftir (GK-011:163, 058) á svipuðum slóðum en lítil ummerki sjást nú um þær minjar.


## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Klassískt timburhús frá fyrri hluta 20. aldar
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Klassískt timburhús frá fyrri hluta 20. aldar
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Þrátt fyrir breytingar heldur húsið einkennum sínum
Tæknilegt ástand:	Hátt	Af ytra útliti húss að dæma
Varðveislugildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti hverfis
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti





Staðsetning hússins merkt með gulum punkti



Teikningar af sumarbústaðnum í Siglu frá 2004

Fyrsti eigandi: Eygló Kristjánsdóttir  
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Frístundir/sumarhús  
Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Sumarbústaðurinn Sigla 2017 horft til NNV

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:
Byggingarefni:		
Útveggir:		Plast
Þakgerð:		Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:		Tréstaumar
Útlit:		Ris

Sumarbústaðurinn Sigla 2017, horft til SSA

Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
2004 "Sumarhúsið er tilbúið og verður flutt á staðinn. Undirstöður Sumarhússins	Ingþór Björnsson, Byggingatæknifræðingur

## Saga

### Lýsing húss:

Lítið timburhús með lágu rispaki. Útveggir klæddir með plötum í viðarlíki, líklega úr einhvers konar plasttrefjum. Bárujárn á þakinu. Húsið er byggt yfir gildrag og framan við það er timburpallur á háum stöðum og líklega mikið geymslupláss undir.

### Saga húss:


29. nóvember 2004: Eygló Kristjánsdóttir óskar eftir því að fá að setja 32 m<sup>2</sup> sumarhús á landi Þórkötlustaða Eystri, landnúmer 197782, samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu Suðurnesja, dagsettum 03.11.2004. 438. fundur skipulags- og byggingarnefndar: Nefndin samþykkir erindið og sendir það áfram til bæjarstjórnar. 30. maí 2005: Ásmundur Jónsson sækir um byggingarleyfi fyrir 15 m<sup>2</sup> skúr á lóðinni Þórkötlustaðir-Eystri 129211 samkvæmt teikningum frá Ástríði Eggertsdóttur, dagsettum 23.05.2005. 444. fundur skipulags- og byggingarnefndar: Samþykkt enda verði farið eftir grein 12.5 í byggingarreglugerð nr. 441/199. „Sumarbústaður í Siglu var fluttur þangað árið 2009“ Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), bls. 2-3.

### Önnur hús á lóð:

Lítill dúkkukofi úr tilsniðnu timbri (hús 24) er um 30 m suðvestan við sumarbústað. Líklegast er talið að dúkkukofinn tilheyrir sumarbústaðnum.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Án samhengis við sögu hverfisins
Menningar sögulegt gildi:	Lágt	Án samhengis við sögu hverfisins
Umhverfisgildi:	Lágt	Án samhengis við sögu hverfisins
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Virðist ekki hafa breyst
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Af ytra útliti að dæma
Varðveislugildi:	Lágt	Án samhengis við sögu hverfisins
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi: Árni Guðmundsson og Ingveldur Þorkelsdóttir  
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð



Teigur 1986



Klökk og Teigur 2017, horft til NNA

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteipt

Steinsteipt

Útveggir:

Múrsléttað

Þakgerð:

Einhalla (skúrþak)

Þakklæðning:

Bárujárn

Undirstaða:

Steinsteipt

Útlit: Einlyft

Inngönguskúr (bíslag)

**Saga****Lýsing húss:**

Húsið var byggt 1934, sambyggt Klökk sem byggð var fjórum árum áður. Steinsteipt húsið, ein hæð með einhalla bárujárnsþaki. Útveggir suðvesturhlíðar og beggja gaffla ná upp fyrir þakið. Þeir eru láréttir að ofan með tökkum. Um tvö sambyggð húsið er að ræða en þau eru svo keimlík að nær er að fjalla um þau sem eitt húsið með tveimur íbúðum. Útidyr eru á göflunum. Við suðurgafflinn er lítil viðbygging úr steinsteiptum hleðslusteinum en sambærileg bygging er ekki á Klökk. Suðausturhluti hússins hefur verið með skeljasandsmúrhlíð á suðurhlíð sem að mestu leyti hefur máðst af. Lítilsháttar munur er á frágangi við þakbrún húshlutanna tveggja. Að Teigi er upphleypt, lárétt brík neðan við takkana en á Klökk er lítilsháttar láréttur stallur í sömu hæð og efri brún bríkur á Teigi. Á norðvesturhlíðinni slútir þakskeggið fram yfir útvegginn.

Gluggaskipan er líklega óbreytt frá upphafi en gluggar hafa allir verið endurnýjaðir og pótaskipan líklega breytt. Búið er í Klökk en ekki á Teigi. Stíleinkenni sem þessi hafa gjarna verið kennd til gotnesk áhrif. Einar Erlendsson húsameistari teiknaði nokkur húsið í Reykjavík með þessum einkennum, meðal annarra húsa Sturlubræðra við Laufásveg. Nokkuð sérstætt húsið.

**Saga húss:**

"Húsin byggðu hjónin Árni Guðmundsson og Ingveldur Þorkelsdóttir árið 1934. Þau bjuggu áður í Gamla-Teigi sem var fyrir Austan Buðlungu (sjá fornleif GK-011:154)." Teigur var með vindmyllu til ljósa áður en Sogsvirkjun var lögð til Grindavíkur. Húsakönnun Þórkötlustaðaness (Loftur Jónsson), bls. 1 og 2. Engin erindi um húsið í fundargerðarbókum skipulags- og byggingarnefndar Grindavíkur.

**Önnur húsið á lóð:**

Ekkert húsið er við Teig en fjárhúskofi (GK-011:196) var áður um 20 m ASA við en er horfinn.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs Metnaðarfull steinsteypuhúsið frá fyrri hluta 20. aldar

Menningar sögulegt gildi: Miðlungs Metnaðarfull steinsteypuhúsið frá fyrri hluta 20. aldar

Umhverfisgildi: Miðlungs Sem hluti af svipmóti


Upprunalegt gildi: Hátt Húsið er lítið breytt

Tæknilegt ástand: Lágt Af ytra útliti húss að dæma

Varðveislugildi: Miðlungs Sem hluti af svipmóti hverfis

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti





Staðsetning hússins merkt með gulum punkti



Fyrsti eigandi: Guðmundur Guðmundsson og Margrét Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð



Klöpp og Teigur 2017, horft til SA



Klöpp og Teigur 2017, horft til VNV

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:				
Útveggir:		Múrsléttað		
Þakgerð:		Einhalla (skúrþak)		
Þakklæðning:				
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit:		Einlyft		

## Saga

### Lýsing húss:

Húsið er steinsteypt, ein hæð með einhalla bárujárnþaki. Útveggir suðvesturhlíðar og beggja gafla ná upp fyrir þakið. Þeir eru láréttir að ofan með tökkum. Um tvö sambyggð húsnæði er að ræða en þau eru svo keimlík að nær er að fjalla um þau sem eitt húsnæði með tveimur íbúðum. Lítilsháttar munur er á frágangi við þakbrún húslutanna tveggja. Í suðausturi hlutanum, Teigi, er upphleypt, lárétt brík neðan við takkana en norðvestar á Klöpp er lítilsháttar láréttur stallur í sömu hæð og efri brún bríkur Teigs. Á norðvesturhlíðinni slútir þakskeggið fram yfir útvegginn. Gluggaskipan er líklega óbreytt frá upphafi en gluggar hafa allir verið endurnýjaðir og pótaskipan líklega breytt. Búið er í Klöpp en ekki í Teigi. Stíleinkenni hússins hafa gjarna verið kennd til gotnesk áhrif. Einar Erlendsson húsameistari teiknaði nokkur húsnæði í Reykjavík með þessum einkennum, meðal annarra húsnæði Sturlubræðra við Laufásveg. Nokkuð sérstætt húsnæði.

### Saga húss:


Húsið var byggt 1930 en fjórum árum síðar var byggt spegluð bygging við það sem nefndist Teigur. "Húsið byggðu hjónin Guðmundur Guðmundsson og Margrét Andreasdóttir árið 1930. Þau bjuggu áður í Gömlu-Klöpp og síðar Bjarmalandi". Klöpp var með vindmyllu til ljósa áður en Sogsvirkjun var lögð til Grindavíkur. Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), bls. 1 og 2. Engin erindi um húsið í fundargerðarbókum skipulags- og byggingarnefndar Grindavíkur.

### Önnur húsnæði á lóð:

Um 15 m norðaustan við húsið er geymsluskúr, húsnæði 19. Klöpp áttu einnig annað fjárhúsnæði sem stóð nálægt þeim stað sem dreifistöðin er nú við Hraðfrystihúsið en það er horfið (sjá GK-011:187 í fornleifaskrá).

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Metnaðarfull steinsteypuhúsnæði frá fyrri hluta 20. aldar
Menningar sögulegt gildi:	Miðlungs	Metnaðarfull steinsteypuhúsnæði frá fyrri hluta 20. aldar
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er lítið breytt
Tæknilegt ástand:	Lágt	Af ytra útliti húss að dæma
Varðveislugildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti hverfis
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti



Gömul ljósmynd af Þórkötlustaðatorfunni. Miðbærinn er hvítmálaður og vinstra megin við hann á mynd er lítil hlaða og þá Vestari Austurbær Þórkötlustaða. Hægra megin við íbúðarhúsið stendur enn eldra íbúðarhús Miðbæjar en þá Vestari Austurbær og Austari Austurbær og loks fiskhjalli. Lengst til hægri má sjá kassalaga hús, Valhöll, sem var byggð 1932 og rifin 2010 (upplýsingar og ljósmynd: Loftur Jónsson).

Fyrsti eigandi: Hjálmar Guðmundsson, Helga Jónsdóttir, Júlíus  
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð



Miðbær Þórkötlustaða, horft til NNV, mynd frá



Miðbær Þórkötlustaða 2017, horft til SSA

## Gerð húss:

## Upphafleg:

## Núverandi:

## Helstu breytingar:

## Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Timbur, bindingar
Útveggir:		Bárujárn
Þakgerð:		Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:		Steinsteypt
Útlit:	Reykháfur	Tvílyft Inngönguskúr (bislág) Úttröppur Kjallari Ris

## Saga

### Lýsing húss:

Miðbær er bárujárnsklætt timburhús, tvær hæðir með lágu risi á lágum steinsteyptum undirstöðum. Bárujárnið er víða ryðgað og illa farið. Gluggasetning er að miklu leyti upprunaleg en gluggar hafa verið endurnýjaðir fyrir löngu síðan og gerð þeirra er framandleg. Við norðurhlíð hússins er einlyftur inngönguskúr með lágu mænisþaki. Á vesturgafli er nýlegri bárujárnsplata sem gæti bent til þess að þar hafi áður verið útidyr og þó þarf ekki svo að vera.

### Saga húss:

Á Þórkötlustöðum hefur verið búið frá landnámi og var komið niður á skálabyggingu þegar hlaða var byggð við Miðbæinn um aldamótin 1900 (sjá nánar fornleifaskrá, GK-011:001 og 203). 21.9.1670: mat á húsakynnum: "...nú vistarverur innanbæjar og skiptust í stóra skála, litlu og stóru baðstofu, vesturskála, "hornshús", "hús innar af skála", eldhús, klefa og anddyri." Saga Grindavíkur I, 129-130. Bærinn er merktur inn á túnakort frá 1917 og eru þar sýnd íbúðarhús, kálgarðar og fjöldi annarra húsa. Á ljósmynd sem tekin er fyrir 1927 má sjá að lítið, timburhús var á svipuðum stað og Miðbærinn var reistur 1927 og annað tvílyft timburhús fast vestan við og telur Loftur Jónsson að það hafi verið eldri Miðbær. Núverandi íbúðarhús á bænum var byggt 1927. Húsið var byggt af "Hjálvari Guðmundssyni og konu hans Helgu Jónsdóttur ásamt syni þeirra Júlíusi Hjálmarssyni. Þar bjuggu Júlíus Hjálmarsson og Áslaug Theodórsdóttir kona hans" Húsakönnun Þórkötlustaðahverfis (Loftur Jónsson), 4. Engin erindi um húsið í fundargerðarbókum skipulags- og byggingarnefndar Grindavíkur. Upphaflega var strompur í húsinu miðju en hann hefur nú verið fjarlægður.


### Önnur hús á lóð:

Tvö steinsteypt hús eru á hlaðinu sem tilheyra Miðbænum, hlaða eða bílskúr (hús 09) og lífill kofi (hús 10). Sunnan við bæ voru nokkur hús (sjá hús 07 og fornleif GK-011:006). Mikill fjöldi fornleifa er á bæjartorfinni og eru miklir kálgarðar sunnan íbúðarhússins mest áberandi (sjá fornleifaskrá).


## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Meðal elstu húsa í kjarna hverfisins
Menningar sögulegt gildi:	Hátt	Meðal elstu húsa í kjarna hverfisins
Umhverfisgildi:	Hátt	Sem hluti af svipmóti hverfis
Upprunalegt gildi:	Hátt	Heildarform hússins og einkenni hafa haldist óbreytt þrátt fyrir að tímans tönn hafi nagað utan af því
Tæknilegt ástand:	Lágt	Af ytra útliti að dæma
Varðveislugildi:	Hátt	Sem hluti af svipmóti hverfis, húsið er hluti af kjarna hverfisins
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti





Staðsetning hússins merkt með gulum punkti



Ljósmynd af Vestari Vesturbæ Þórkötlustaða (lengra til vinstri) og þá Austari Vesturbænum og Miðbæ. Birtist í Lesbók Morgunblaðsins, 15. október 1967.

Fyrsti eigandi: Einar Guðmundsson Ingibjörg Jónsdóttir  
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Íbúð



Vesturbær (Vestari Vesturbær) Þórkötlistaða



Vestari Vesturbær Þórkötlistaða 2017, horft til NNA

## Gerð húss:

## Upphafleg:

## Núverandi:

## Helstu breytingar:

## Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni: Timbur, bindingar

Timbur, bindingar

Útveggir:

Bárujárn

Þakgerð:

Valmaþak

Þakklæðning:

Bárujárn

Undirstaða:

Steinsteypt

Útlit:

Einlyft  
Reykháfur

Einlyft  
Inngönguskúr (bislag)  
Ris  
Útitróppur  
Kjallari

## Saga

### Lýsing húss:

Húsið er ein hæð með lágu risi á steinsteyptum kjallara, sem lítið sem ekkert er niðurgraffinn að sunnanverðu. Við vesturgafflinn er inngönguskúr með valmaþaki og steinsteyptum tröppum að útidrym. Eftir allri norðurhlíðinni er viðbygging með einhalla þaki. Framkvæmdir að margvíslegum endurbótum standa yfir en er ekki að fullu lokið. (Til dæmis má sjá að stefnt er að því að gera svalir við suðurhlíðina.) Gluggar hafa verið endurnýjaðir. Húsið virðist hafa verið lengt til austurs og stórar dyr gerðar úr austasta hluta bæði á efri og neðri hæð. Byggður skúr/andyri við að vestan og viðbygging að norðan.

### Saga húss:

Á Þórkötlistöðum var þrjúþingt lengst af eftir 19. öldinni. (Saga Grindavíkur II, 74). Vesturbærir Þórkötlistaða voru orðnir tveir snemma á 20. öld og stendur enn hús á vestari Vesturbænum. Ekki er vitað hvort búseta hefur hafist á Vestari eða Austari Vesturbænum en líklega var það þó sá síðarnefndi. Árni Guðmundsson (1891-1991) mundi eftir torfbæ á þessum stað. Vestari Vesturbærinn er merktur inn á túnakort frá 1918.

Samkvæmt Árna Guðmundssyni (1891-1991) var húsið byggt á tímabilinu 1918-1924 en af ljósmynd sem tekin er af svæðinu um 1932 virðist húsið ekki vera komið og því er líklegast að það hafi risið einhvern tíma á 4. áratug 20. aldar. Það var því byggt síðast þeirra timburhúsa í Þórkötlistaðaröðinni "Í vestari-Vesturbænum bjó Einar Guðmundsson og fyrri kona hans Ingibjörg Jónsdóttir og síðar seinni kona hans Málfríður Einarsdóttir." Húsakönnun Þórkötlistaðahverfi (Loftur Jónsson), 4. 2. desember 2002: Sótt er um leyfi til að staðsetja kindakofa á s.k. Gvendar bletti í landi fjölskyldu Þórkötlistaða Vesturbæ, forráðamaður Benóný Benediktsson gefur heimild í bréfi til nefndarinnar 413. fundur bygginganefndar: Nefndin tekur jákvætt í erindið og vísar því til afgreiðslu bæjarstjórnar. Strompur var áður upp úr húsinu miðju en hefur verið fjarlægður.


Önnur hús á lóðinni:

Á vesturmörkum lóðarinnar er há timburgirðing sem ásamt vinnustofu (hús 02) umlykur garð vestan við húsið. Sunnarlega á lóðinni er hænsnakofi (hús 27). Mikið af fornleifum er á bæjarfotinu, t.d. miklir kálgarðar sunnan við húsið (sjá GK-011:004 o.fl.).

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Meðal elstu húsa í kjarna hverfisins
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Meðal elstu húsa í kjarna hverfisins
Umhverfisgildi:	Hátt	Meðal elstu húsa í kjarna hverfisins
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið hefur verið endurbyggt að verulegu leyti
Tæknilegt ástand:	óvíst	Húsið er í endurbyggingu
Varðveislugildi:	Hátt	Sem hluti af svipmóti hverfis. Er hluti elsta kjarna hverfisins.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti	





Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi: Sigurður Sigurðsson og Ragnheiður Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð  
Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Þórsmörk 2017, horft til norðausturs



Þórsmörk 2017, horft til NNV

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:		Múrsléttað		
Þakgerð:		Valmaþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit:		Reykháfur Útitróppur Einlyft Kjallari		

## Saga

### Lýsing húss:

Húsið er steinsteypt með valmaþaki og hornluggum af þeirri fúnkishúsagerð sem helst verður rakin til Þóris Baldvínssonar og Teiknistofu Landbúnaðarins. Kjallari er undir öllu húsinu með gluggum. Bárujárn er á þakinu, ryðgað, og upp úr því steinsteyptur reykháfur. Neglt er fyrir glugga suðurhlíðar. Útveggir hafa verið með skeljasandsmúrhuð sem nú er að mestu afmáð.

### Saga húss:


"Það hús byggðu hjónin Sigurður Sigurðsson og Ragnheiður Guðmundsdóttir frá Hvammi 1938. Það hefur staðið autt síðan 1985." Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), 5. Engin erindi um húsið í fundargerðarbókum skipulags- og byggingarnefndar Grindavíkur.

### Önnur hús innan lóðar:

Engin hús standa undir þaki innan lóðar. Þar var hins vegar íbúðarhúsið Hvammur (sjá fornleifaskrá GK-011:047) gerði og tóftir (GK-011:047\_02, GK-011:121, GK-011:123). Hlaðinn garður afmarkar lóð Þórsmarkar (GK-011:125) nema framan húsið þar sem er steinsteyptur garðveggur, líklega hlaðinn úr steypum steinum..

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Dæmigert funkishús í anda teiknistofu landbúnaðarins frá fyrri hluta 20. aldar
Menningar sögulegt gildi:	Miðlungs	Dæmigert funkishús í anda teiknistofu landbúnaðarins frá fyrri hluta 20. aldar
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið virðist lítið breytt
Tæknilegt ástand:	Lágt	Af ytra útliti að dæma
Varðveislugildi:	Miðlungs	Sem hluti af svipmóti hverfis
Verndarflokkar:		Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun:

Núverandi notkun: Iðnaður



Hús 01: dæluhús 2017, horft til suðurs



Dæluhús 2017, horft til austurs

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Timbur, bindingar

Timbur, bindingar

Útveggir:

Bárujárn

Þakgerð:

Einhalla (skúrþak)

Þakklæðning:

Bárujárn

Undirstaða:

Útlit:

**Saga**

Lýsing húss:

Lítill kofi um 60 m SSA við gamla hraðfrystihúsið en um 20 m ofan við fjörुकamp. Húsið er bárujárnsklætt með einhallandi skúrþaki. Gluggi er á norðurhlíð þess og gluggi og dyr á vesturhlíðinni. Rafmagn er á húsinu og það virðist e.k. dæluhús. Rör liggja að/frá húsinu í allar áttir. Ekki er ljóst á hvaða lóðareign húsið stendur en líklega hefur landsvæðið tilheyrt hraðfrystihúsinu.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Lágt

Menningarsögulegt gildi: Lágt

Umhverfisgildi: Lágt


Upprunalegt gildi: Miðlungs

Tæknilegt ástand: Lágt

**Varðveislugildi:** Lágt

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti





Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:

Upphafleg notkun:  
Núverandi notkun: Vinnustofa



Hús 02: Geymsla frá Vesturbæ 2017, horft til



Hús 02 árið 2017, horft til norðurs

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:**

Byggingarefni: Timbur, bindingar

Timbur, bindingar

Útveggir:

Bárujárn

Þakgerð:

Mænisþak

Þakklæðning:

Bárujárn

Undirstaða:

Útlit:

**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga****Lýsing húss:**

Norðvestan við Vesturbæ Þórkötlustaða er bárujárnsklætt hús með risþaki sem um tíma hefur að líkindum verið notað sem bílskúr en gæti upphaflega hafa verið reist sem geymsla eða hlaða. Á suðurhlíð þess eru stórir gluggar og dyr austarlega en á vesturgaffli er stór, tvöföld hurð og gluggi yfir. Á húsinu er bæði nýtt og gamalt bárujárn auk þess sem það skín í timburverkið undir á nokkrum stöðum.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs

Umhverfisgildi: Miðlungs

Upprunalegt gildi: Miðlungs


Tæknilegt ástand: Miðlungs

**Varðveislugildi:**

Miðlungs Uppruni hússins og lögun tengist atvinnusögu staðarins á fyrri hluta 20. aldar.

**Verndarflokkar:**

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:

Upphafleg notkun:  
Núverandi notkun: Landbúnaður



Hús 3 2017: fjánhús og hlaða frá Hofi II, horft til

Fjánhús og hlaða 2017, horft til NNV

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Timbur, bindingar

Timbur, bindingar

Útveggir:

Bárujárn

Þakgerð:

Mænisþak

Þakklæðning:

Bárujárn

Undirstaða:

Útlit:

**Saga**

Lýsing húss:

Fjánhús og hlaða eru um 10 m austan við hraðfrystihúsið og um 50 m VSV við íbúðarhúsið í Hofi og er húsið skráð undir Hofi en tilheyrir líklega Hofi 2 nú. Húsið er bárujárnlætt timburhús með mænisþaki. Við vesturhlíð þess er samfelld skúrbyggingu sem byggð hefur verið í tveimur áföngum. Þak yfir syðri hluta skúrsins nær upp undir þakskegg mænisþaksins en yfir nyrðri hlutanum er þakhallinn minni. Hluti bárujárns hefur nýlega verið endurnýjaður. Á suðurgafli eru tveir gluggar og hurð. Annar glugginn og hurðin er á skúrnum. Á vesturhlíðinni eru stór, tvöföld hurð á miðri hlíð og einnig hurð nálægt norðurenda. Hvorki eru gluggar né hurð á austurhlíð. Á norðurhlíð er gluggi á skúrbyggingunni en á hlöðunni eru stórar dyr ofarlega þar sem ætla mætti að heyi hafi verið keyrt inn.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs

Umhverfisgildi: Miðlungs

Upprunalegt gildi: Miðlungs

Tæknilegt ástand: Miðlungs

**Varðveislugildi:**


Miðlungs

Uppruni hússins og lögun tengist atvinnusögu staðarins á fyrri hluta 20. aldar.

Verndarflokkar:

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti





Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun:

Núverandi notkun: Reykkofi



Hús 4: Reykkofi frá Hofi II 2017, horft til vesturs

Reykkofi 2017, horft til NNA

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Timbur, bindingar

Timbur, bindingar

Útveggir:

Timbur

Þakgerð:

Mænisþak

Þakklæðning:

Bárujárn

Undirstaða:

Útlit:

**Saga**

Lýsing húss:

Reykkofi er byggður inn í brekkurætur ofan við fjöru um 90 m SSA við íbúðarhúsið Hof 2 og var byggður af eigendum þess. Kofinn var byggður á 9. áratug 20. aldar Hann er timburhús með A-lögun, byggt að hluta til inn í brekkuna. Bárujárn er á þaki en annars timburþil. Inngangur er á suðurgafli. Fram að húsinu er niðurgroftur þar sem reykturna var og var reyknum þaðan veitt inn í húsið.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs

Umhverfisgildi: Miðlungs

Upprunalegt gildi: Miðlungs

Tæknilegt ástand: Miðlungs

**Varðveislugildi:**


Miðlungs

Uppruni hússins og lögun tengist atvinnusögu staðarins á fyrri hluta 20. aldar.

Verndarflokkar:

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

# Hús 05 Fjánhús og hlaða frá Buðlungu



*Staðsetning hússins merkt með gulum punkti*

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun:

Núverandi notkun: Landbúnaður



Hús 5: fjárhús frá Buðlungu 2017, horft til suðurs



Fjárhús frá Buðlungu 2017, horft til austurs

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Timbur, bindingar		
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:		Valmaþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:				

## Saga

### Lýsing húss:

Fjárhús og hlaða 030101 og 040101 eru skráð sérstaklega á fasteignamati. Allstór timburhús, sambyggð, klædd bárujárni. Norðurhluti hússins er tvær burstir sem eru fjárhús með mænisþökum. Hurð er á gaffli vestari húsanna hefur verið lokið af og klædd bárujárni og þak þeirra er með glæru bárujárnsplasti að hluta. Syðsti hlutinn hærri með hjámiðjuþaki. Hann er líklega vélageymsla. Samkvæmt fasteignamati voru fjárhús frá Buðlungu að stofni til byggð 1962 og hlaða byggð 1928 stærð ekki gefin upp. Fast sunnan við skemmuna stóð bærin í Buðlungu áður (GK-012:001) og þar austan við var einnig gamli Klapparbærinn (GK-013:001) og eru umfangsmiklar tóftir á þeim slóðum og er útihúsasamstæðan að hluta byggt ofan á þær. Sunnar eru svo fleiri tóftir og garðar (t.d. GK-013:003-008, GK-011:168 í fornleifaskrá).

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs

Umhverfisgildi: Miðlungs


Upprunalegt gildi: Miðlungs

Tæknilegt ástand: Miðlungs

**Varðveislugildi:** Hátt Uppruni hússins og lögun tengist atvinnusögu staðarins á fyrri hluta 20. aldar. Varðveislugildið er talið hátt þar sem húsið er hvort ofan á minium um langa hvíðingarsögu og þar að fara varlega í allar

**Verndarflokkar:** Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti





Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:

Upphafleg notkun:  
Núverandi notkun: Bílskúr



Bílskúr við Bjarmaland 2017, horft til suðurs



Bílskúr við Bjarmalandi 2017, horft til ASA

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Bárujárn

Bárujárn

Steinsteypt

**Saga**

Lýsing húss:

Bílskúr fast norðaustan við Bjarmaland en er þó stakstæður. Bílskúrin er steinsteyptur og bárujárnskæddur með lágu risþaki. Mögulega nýttur sem verkstæði og/eða vinnustofa að hluta.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Miðlungs

Menningarsögulegt gildi:

Miðlungs

Umhverfisgildi:

Miðlungs

Upprunalegt gildi:

Miðlungs

Tæknilegt ástand:

Miðlungs


**Varðveislugildi:**

Miðlungs

Byggingar á lóðinni mynda samstæða heild. Húsið er að hluta til byggt á grunni eldra húss.

Verndarflokkar:

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun:

Núverandi notkun: Landbúnaður



Hús 07: fjánhús frá Miðbæ Þórkötlustaða 2017,



Fjánhús frá Miðbæ 2017, horft til NNV

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:**

Byggingarefni: Timbur, bindingar

Timbur, bindingar

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga**

## Lýsing húss:

Fjánhús með tveimur burstum eru tæpum 30 m sunnan við Miðbæ Þórkötlustaða. Tvö samliggjandi timburhús, klædd nýlegu bárujárn með mænispaki. Þau eru því sem næst jafnbreið en annað mun lengra en hitt. Langhliðar þeirra liggja saman og mynda gaflar þeirra tvær samliggjandi burstir til norðurs. Húsin virðast hafa verið byggð í nokkrum áföngum og eru líklega nýlega uppgerð. Húsin eru klædd nýju bárujárn og á austurþökum þeirra beggja er glært báruplast að hluta. Á þessum slóðum var áður nokkur hús (GK-011:006) samkvæmt túnakorti frá 1918 og miklir garðar í kring sem sjást enn. Lengi stóðu eftir 4 hús á þessum slóðum og þá tvö hús þar til á allra síðustu áratugum. Þar stóðu m.a. fiskverkunar- og salthús frá Vestari-Austurbænum. Á myndbandi sem tekið er í Þórkötlustaðahverfi árið 1986 má sjá að þá standa bárujárnklædd hús á þessum slóðum og ná talsvert langt til suðurs. Samkvæmt Árna Guðmundssyni voru tvö af húsunum sem þarna stóðu nefnt Keflavíkurbús (frá Duus-verslun) og Eyrarbakkaús (Lafollie-versluninni) og samkvæmt honum stóð þá (1986) Eyrarbakkaúsið (sem var vestar) í svipaðri mynd og það gerði áður. Leifar af grjóthleðslu liggja upp að vesturvegg hússins.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs

Umhverfisgildi: Miðlungs

Upprunalegt gildi: Miðlungs

Tæknilegt ástand: Miðlungs

**Varðveislugildi:**

Hátt


Uppruni hússins og lögun tengist atvinnusögu staðarins á fyrri hluta 20. aldar. Húsin eru byggð á grunnnum eldri húsa og varðveislugildi því metið hátt

## Verndarflokkar:

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



# Hús 08 Höllustaðir (útihús)



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:

Upphafleg notkun:  
Núverandi notkun:



Hús 08: Höllustaðir 2017, horft til norðausturs



Höllustaðir 2017, horft til suðvesturs

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:
Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Timbur, bindingar
Útveggir:		Timbur
Þakgerð:		Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:		
Útlit:		

Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
--------------------	---------------------

## Saga

### Lýsing húss:

Á Gvendarbletti stendur krossviðarklæddur skúr. Samkvæmt upplýsingum frá Grindavíkurbæ er hann á skika sem er samanlagt 3487m<sup>2</sup> og tilheyrir/heyrdi þeim Ástu Jóhannesdóttur og Páli Gíslasyni. Ekki fundust upplýsingar um húsið í fasteignaskrá. Skúrin er tæpum 150 m norðan við Lambhúskot en rúmlega 50 m suðaustan við Búðir. Skúrin er klæddur krossviðarplötum og með bárujárn á þaki. Hann virðist hafa verið reistur í tveimur áföngum. Líklegast er hann lítið fjárhús. Gluggi er á austurhlíð og dyr á norðurhlíð og hjá þeim skilti með áletruninni HÖLLUSTAÐIR CV 36.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Lágt

Menningarsögulegt gildi: Lágt


Umhverfisgildi: Lágt

Upprunalegt gildi: Lágt

Tæknilegt ástand: Lágt

Varðveislugildi: Lágt

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun:

Núverandi notkun: óvíst til hvers húsið/gámurinn sem nú



Hús 09: hlaða frá Miðbæ Þórkötlustaða 2017,



Hlaðan við Miðbæ 2017 horft til ASA

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteyp

Steinsteyp

Útveggir:

Múrsléttað

Þakgerð:

Mænisþak

Þakklæðning:

Bárujárn

Undirstaða:

Útlit:

**Saga**

Lýsing húss:

Um 6 m norðan við viðbyggingu Miðbæjar er steinsteyp húsið með bárujárnþaki. Steyptir gaflar ná upp fyrir þakið. Stórar dyr hafa líklega frá upphafi verið á vesturgafninum en í dyraopinu blasir nú við blár gámur sem komi hefur verið fyrir inni í húsinu. Gluggar eru byggðir bárujárn og tréplönkum. Húsið var hlaða, a.m.k. á einhverju skeiði en gæti einnig hafa verið verkstæði eða bílskúr.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs

Umhverfisgildi: Miðlungs

Upprunalegt gildi: Miðlungs

Tæknilegt ástand: Lágt


**Varðveislugildi:**

Miðlungs Uppruni hússins og lögun tengist atvinnusögu staðarins á fyrri hluta 20. aldar.

Verndarflokkar:

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti





Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun:

Núverandi notkun: Húsið virðist ekki í notkun lengur



Hús 09 (til vinstri) 2017 horft til austurs



Lítið hús við Miðbæ Þórkötlustaða 2017, horft til

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteipt

Steinsteipt

Útveggir:

Múrsléttað

Þakgerð:

Einhalla (skúrþak)

Þakklæðning:

Bárujárn

Undirstaða:

Útlit:

**Saga**

Lýsing húss:

Lítið steinsteipt hús er beint norðan við hlöðuna frá Miðbæ (hús 09). Húsið er 2-2,5 m á kant. Húsið er með dyrum að suðurhlíð og litlum glugga. Óvist er um upphaflega notkun, en gæti hafa verið fyrir rafstöð. Þrjú hús eru skráð í Fasteignamat við Miðbæ, öll byggð 1930 og virðist líklegt að húsið gæti verið byggð um það leyti. Húsin sem skráð eru teljast hins vegar fjárhús, hlaða og geymsla og ólíklegt er að húsið sem hér er skráð hafi haft nokkurt af þeim hlutverkum. Því er hér með settur fyrirvari á byggingarár.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs

Umhverfisgildi: Miðlungs

Upprunalegt gildi: Miðlungs

Tæknilegt ástand: Miðlungs


**Varðveislugildi:**

Miðlungs Uppruni hússins og lögun tengist atvinnusögu staðarins á fyrri hluta 20. aldar.


Verndarflokkar:

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

# Hús 11 Geymsla við Vesturbæ



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti



Teikningar af húsi 11 frá 2012

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun:

Núverandi notkun: Líklega er húsið ekki í notkun eins og er



Hús 11: Verðandi vinnustofa 2017, horft til ANA

**Gerð húss:** Upphafleg: Núverandi:

Byggingarefni: Timbur, bindingar

Timbur, bindingar

Útveggir:

Bárujárn

Þakgerð:

Mænisþak

Þakklæðning:

Bárujárn

Undirstaða:

Útlit:



Hús 11 2017, horft til suðurs

**Helstu breytingar:**

2012 "Húsið var fyrst byggt árið 1972 og hefur verið endurnýjað og breytt úr

**Hönnuðir breytinga:**Ingibjör Björnsson,  
Byggingatæknifræðingur**Saga**

Lýsing húss:

Lágt timburhús undir mænisþaki, klætt bárujárn. Tvennar dyr og gluggar mót suðri og aðrar dyr á norðurgafli. Einfalt útihús, láttlaust. Síðustu áratugina hefur verið geymsla á þessum stað.

Saga húss:

Byggingarárhússins er sagt 1972 en það uppruni þess er líklega eldri. Eldra útihús stóð á svipuðum slóðum (aðeins austar) áður og er það merkt inn á túnakort frá 1917 ásamt kálgarði (sjá fornleif GK-011:004). Húsið er horfið en talsverður hluti kálgarðs sést enn. Býlið Laufás (GK-011:153) var líklega fast norðan við norðurgafli hússins.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs

Umhverfisgildi: Miðlungs

Upprunalegt gildi: Miðlungs


Tæknilegt ástand: Lágt

**Varðveislugildi:** Miðlungs Uppruni hússins og lögun tengist atvinnusögu staðarins á fyrri hluta 20. aldar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



# Hús 12 Geymsluhús við Lambhúskot



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun:

Núverandi notkun: geymsla



Hús 25 2017, horft til norðvesturs

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Timbur, bindingar		
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:		Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:				

## Saga

Lýsing húss:

Lengja af geymsluhúsum, lágreist timburhús, klætt bárujárni. Til beggja enda (að norðan og sunnan) eru lítil hús með bískúrsopi og mænisþaki. Húsin eru samtengd með skúr sem gengur þeirra á milli með flötu þaki og dyr á miðju. Stétt er meðfram austurhlíð þeirra.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs

Menningarsögulegt gildi: Lágt

Umhverfisgildi: Lágt


Upprunalegt gildi: Hátt

Tæknilegt ástand: Hátt

Varðveislugildi: Lágt

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

# Hús 13 Fjánhús frá Bjarmalandi



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun:

Núverandi notkun: Landbúnaður



Hús 13: Fjánhús frá Bjarmalandi 2017, horft til

Fjánhús frá Bjarmalandi (hús 13) 2017, horft til

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Timbur, bindingar

Timbur, bindingar

Útveggir:

Bárujárn

Þakgerð:

Mænisþak

Þakklæðning:

Bárujárn

Undirstaða:

Útlit:

**Saga****Lýsing húss:**

Tvö samliggjandi timburhús, klædd nýlegu bárujárn með mænisþaki. Þau eru því sem næst jafnbreið en annað mun lengra en hitt. Langhlíðar þeirra liggja saman og mynda gaflar þeirra tvær samliggjandi burstir til norðurs. Húsin virðast hafa verið byggð í nokkrum áföngum og eru líklega nýlega uppgerð. Húsin eru klædd nýju bárujárn og á austurþökum þeirra beggja er glært báruplast að hluta. Húsin eru fjánhús og tilheyra Bjarmalandi. Þau eru byggð ofan á grjóthlaðinn garð að sunnan (sjá fornleif GK-011:193).

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs

Umhverfisgildi: Miðlungs

Upprunalegt gildi: Miðlungs

Tæknilegt ástand: Miðlungs

**Varðveislugildi:**

Miðlungs


Uppruni hússins og lögun tengist atvinnusögu staðarins á fyrri hluta 20. aldar.

**Verndarflokkar:**

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



# Hús 14 Útihús frá Garðbæ



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:

Upphafleg notkun:  
Núverandi notkun: Landbúnaður



Hús 14 2017, horft til NNV



Hús 14 2017, horft til austurs

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Ómúrað

Mænisþak

Bárujárn

**Saga**

Lýsing húss:

Á svæði sem merkt er Garðbær II á korti standa þrjú lítil hús eða kofar (sjá líka 22-23). Hús 14 er hlaðið úr steinsteyptum hleðslusteinum og er með mænisþaki. Þakið og efsti hluti gaflanna er klætt bárujárn en hleðslusteininn stendur óvarður. Hurð er á vesturstafni og er op milli dyra hurðar og dyraramma efst.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Lágt

Menningarsögulegt gildi: Lágt

Umhverfisgildi: Lágt

Upprunalegt gildi: Lágt


Tæknilegt ástand: Lágt

**Varðveislugildi:**

Miðlungs

Uppruni hússins og lögun tengist atvinnusögu staðarins á fyrri hluta 20. aldar.

Verndarflokkar:



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:

Upphafleg notkun:  
Núverandi notkun:



Hús 15: bílskúr frá Valhöll 2017, horft til austurs



Bílskúr frá Valhöll 2017, horft til austurs

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:**

Byggingarefni: Timbur, bindingar

Timbur, bindingar

Útveggir:

Bárujárn

Þakgerð:

Mænisþak

Þakklæðning:

Bárujárn

Undirstaða:

Útlit:

**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga****Lýsing húss:**

Húsið sem hér er skráð var frá íbúðarhúsinu Valhöll sem stóð áður (fram til 2010) beint norðan við og norðan við götuna. Skemman/bílskúrin er bárujárnsklætt timburhús með mænisþaki. Á norðurhlöðinni, sem klædd er trapisjárni eru dyr. Bílskúrsdyr eru á vesturgafli. Austurgafi er steinsteyptur eða hlaðinn úr steini og með þykkri steypuhúð. Gaflinn er mjög veðraður og holur inn í hann. Út frá austurgaflinum er steinsteyptur veggur og steinsteypt þró eða flór. Samkvæmt Lofti Jónssyni var hlaða í vestari helmingi húss og fjós í eystri helmingnum. Suðurveggur skemmunar er að hluta grjóthlaðinn. Fast vestan hans er hesthústóft (GK-011:009 mögulega líka notað sem fjós einhvern tíma) og er merkt inn á túnakort frá 1918. Fast suðaustan við skemmuna er einnig grjóthlaðinn kálgarður (GK-011:035).

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs

Umhverfisgildi: Miðlungs

Upprunalegt gildi: Miðlungs

Tæknilegt ástand: Miðlungs

**Varðveislugildi:**

Miðlungs


Uppruni hússins og lögun tengist atvinnusögu staðarins á fyrri hluta 20. aldar. Húsið er byggt ofan í og við minjar og því verður að fara varlega í allar breytingar

**Verndarflokkar:**

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



# Hús 16 Hlaða frá Bjarmalandi



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun: Líklega byggt sem hlaða

Núverandi notkun: Líklega geymsla/bílskúr



Hús 16: hlaða frá Bjarmalandi 2017, horft til VSV



Hlaða frá Bjarmalandi 2017, horft til vesturs

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:**

Byggingarefni: Timbur, bindingar

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Timbur, bindingar

Bárujárn

Mænisþak

Bárujárn

**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga**

Lýsing húss:

Bárujárnsklætt timburhús með mænisþaki. Á vesturhliðinni eru dyr með glugga yfir en á austurhlið tvöfaldar/bílskúrsdyr. Grjóthlaðinn veggur er með suðurhlið hússins, hugsanlega leifar eldra húss á sama stað. Húsið er merkt bílskúr frá Bjarmalandi á uppdrátt Lofts Jónssonar.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs

Umhverfisgildi: Miðlungs

Upprunalegt gildi: Miðlungs

Tæknilegt ástand: Miðlungs

**Varðveislugildi:**


Miðlungs

Uppruni hússins og lögun tengist atvinnusögu staðarins á fyrri hluta 20. aldar.

Verndarflokkar:

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

# Hús 17 Geymsla við Auðsholt



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun:

Núverandi notkun: Geymsla



Afstaða Auðsholts og geymsluskúrs 2017, horft til



Geymsluskúr við Auðsholt 2017, horft til NNV

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Bárujárn

Bárujárn

## Saga

Lýsing húss:

Norðaustan við Auðsholt hefur flutningagámi verið komið fyrir sem geymsluhúsi og austurhlíð hans hefur verið hulin að nokkru leyti með hraungrýti sem hróflað hefur verið upp að gámmum.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Lágt

Menningarsögulegt gildi: Lágt

Umhverfisgildi: Lágt


Upprunalegt gildi: Lágt

Tæknilegt ástand: Lágt

**Varðveislugildi:** Lágt

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti





Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:

Upphafleg notkun:  
Núverandi notkun: bílskúr



Bílskúr og íbúðarhús 2017, horft til NNV



Bílskúr í Stafholti 2017, horft til vesturs

**Gerð húss:** Upphafleg: Núverandi:

Byggingarefni: Timbur, bindingar

Timbur, bindingar

Útveggir:

Bárujárn

Þakgerð:

Mænisþak

Þakklæðning:

Bárujárn

Undirstaða:

Útlit:

**Helstu breytingar:**

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Lýsing húss:

Stór stakstæður bílskúr er innan við 5 m norðvestan við Stafholt. Bílskúrin er bárujárnsklætt timburhús með með lágu risþaki. Hann var byggður eftir 2003.

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs

Menningarsögulegt gildi: Lágt

Umhverfisgildi: Lágt


Upprunalegt gildi: Hátt

Tæknilegt ástand: Hátt

**Varðveislugildi:** Lágt

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

# Hús 19 Geymsluskúr við Klöpp



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun:

Núverandi notkun: Líklega verið geymsluskúr, a.m.k. á



Hús 19: geymsluskúr við Klöpp 2017, horft til



Skúr við Klöpp 2017, horft til NNA

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Timbur, bindingar

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Timbur, bindingar

Bárujárn

Mænisþak

Bárujárn

**Saga**

Lýsing húss:

Einfalt bárujárnsklætt timburhús við íbúðarhúsið Klöpp. Húsið er með mænisþaki og tvöföldum dyr suðaustarlega á vesturhlíð og einum glugga á norðurgaffi.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs

Umhverfisgildi: Miðlungs

Upprunalegt gildi: Lágt


Tæknilegt ástand: Lágt

**Varðveislugildi:**

Miðlungs Uppruni hússins og lögun tengist atvinnusögu staðarins á fyrri hluta 20. aldar.

**Verndarflokkar:**

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti



Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:

Upphafleg notkun:  
Núverandi notkun: Ekki vitað



Hús 20: Verslunin Katla 2017, horft til suðurs



Verslunin Katla 2017, horft til norðausturs

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Timbur, bindingar		
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:		Einhalla (skúrþak)		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:				

## Saga

### Lýsing húss:

Húsið er skráð sem bílskúr í fasteignamati á iðnaðarlóð í Þórkötlustaðahverfi. Það er um 80 m norðan við Hraðfrystihúsið. Um er að ræða bárujárnsklætt timburhús með einhalla þaki. Veggjabrúnir þriggja hliða eru láréttar en á norðurhliðinni slútir þakið fram yfir vegginn. Á vesturhlið eru tvennar bílskúrsdyr og á suðurhlið tveir gluggar. Húsið hefur verið byggt í tvennu lagi. Austur- og norðurhliðar eru gluggalaugar. Bárujárnsklæðningin er nýleg. Ekki er ljóst hvaða not eru höfð af húsinu.

### Saga húss:

„Í byrjun 6. áratugarins opnaði Hraðfrystihúsið í Þórkötlustaðahverfi litla búð austur í Þórkötlustaðahverfi, skammt fyrir ofan verbúðina. Var þessi litla verslun, sem bar nafnið Katla, einkum ætlað til að vera til þæginda fyrir verbúðarfolk hjá Hraðfrystihúsinu, en í gegnum hana var einnig keyptur kostur fyrir bátana. Fyrir íbúa Þórkötlustaðahverfis var verslun þessi líka til mikilla þæginda, einkum þó eftir að Grindavíkurdeild K.R.O. N. hætti með útibú sitt. Katla var rekin um margra ára skeið, allt fram á 8. áratuginn“ (SGII, 195). „Húsið þar sem Verslunin Katla var rekin um árabíl af Hraðfrystihúsi Þórkötlustaða hf. eða frá 1950 og fram undir 1990, var að hluta til fyrst byggt sem bílskúr og seinna stækkað í núverandi stærð.“ Húsakönnun Þórkötlustaðahverfi (Loftur Jónsson), bls. 2

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs

Menningar sögulegt gildi: Miðlungs

Umhverfisgildi: Miðlungs


Upprunalegt gildi: Lágt

Tæknilegt ástand: Miðlungs

Varðveislugildi: Miðlungs Uppruni hússins og lögun tengist atvinnusögu staðarins um og upp úr miðri 20. öld.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

# Hús 21 Braggi við Hraðfrystihús



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:

Upphafleg notkun:  
Núverandi notkun: Þjónusta



Hús 21: Braggi við hraðfrystihús 2017, horft til



Braggi við Hraðfrystihús 2017, horft til SSA

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Bárujárn

Bogaþak

Bárujárn

**Saga**

Lýsing húss:

Braggi og viðbygging eru um 5 m suðvestan við hraðfrystihúsið í Þórkötlustaðahverfi. Bragginn er með skúrbyggingu að vestan með einhalla þaki. Á norðurgafli braggans er stór bílskúrshurð og önnur venjuleg hurð og bílskúrshurð og önnur hurð er einnig á norðurgafli skúrs. Húsin hafa nýlega verið endurnýjuð og skipt um bárujárn og hurðir nema vesturhlíð skúrbyggingar þar sem ennþá er upprunalegt bárujárn. Sjálfur bragginn virðist að stofni til vera frá því um miðja 20. öld a.m.k. sést hús með sama lag á loftmynd frá 1956.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Lágt

Menningarsögulegt gildi: Lágt

Umhverfisgildi: Lágt


Upprunalegt gildi: Lágt

Tæknilegt ástand: Lágt

**Varðveislugildi:** Lágt

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

# Hús 22 Fjánhús frá Garðbæ



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:

Upphafleg notkun:  
Núverandi notkun: Landbúnaður



Fjárhús/geymsla 2017, horft til austurs



Fjárhús/geymsla Garðbær II 2017, horft til NNV

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:
Byggingarefni:	Timbur, bindingar	Timbur, bindingar
Útveggir:		Bárujárn
Þakgerð:		Mænisþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:		
Útlit:		Viðbygging

Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
--------------------	---------------------

## Saga

### Lýsing húss:

Svæðið er nefnt Garðbær II og eru þrjú útihúshús (sjá líka hús 14 og 23) á því. Það sem hér er skráð (hús 22) þeirra stærst. Húsið er með mænisþaki og einhalla skúrbyggingum við báðar langliðar. Þrennar stórar dyr eru á húsinu sem bendir til þess að það hafi undir lokin verið notað sem hlaða eða vélageymsla en að auki eru a.m.k. tvennar göngudyr. Húsið er líklega fjárhús

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs

Umhverfisgildi: Miðlungs


Upprunalegt gildi: Miðlungs

Tæknilegt ástand: Lágt

Varðveislugildi: Miðlungs Uppruni hússins og lögun tengist atvinnusögu staðarins á fyrri hluta 20. aldar.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti





Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun:

Núverandi notkun: Landbúnaður



Hús 23, horft til VNV



Hús 23 horft til NNV

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Timbur, bindingar

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Timbur, bindingar

Bárujárn

Mænisþak

Bárujárn

**Saga**

Lýsing húss:

Svæðið er nefnt Garðbær II eru þrjú hús (sjá líka hús 14 og 22) og er það hús sem hér er skráð hús 23. Húsið er lítið bárujárnhús með bröttu mænisþaki. Við það eru tvær þrær úr steinsteypu.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs

Umhverfisgildi: Miðlungs

Upprunalegt gildi: Miðlungs


Tæknilegt ástand: Lágt

**Varðveislugildi:**

Miðlungs Uppruni hússins og lögun tengist atvinnusögu staðarins á fyrri hluta 20. aldar.

Verndarflokkar:

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Líklega kartöflukofi  
Núverandi notkun: líklega kartöflugeymsla



Hús 24: torfkofi við Auðsholt 2017, horft til suðurs



Torfkofi (hús 24) og skyli (hús 30) 2017, horft til

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:**

Byggingarefni: Hlaðið, torf og grjót

Hlaðið, torf og grjót

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga****Lýsing húss:**

Lítill kofi úr blönduðu efni er í brekkunni norðvestur af Auðsholti. Kofinn er byggður inn í brekkuna og er að hluta úr torfi en veggir að innanverðu úr grjóti með sementslími. Í kofanum er timburgrind. Norðvestan við kofan er niðurgrafið gerði þar sem nú hefur verið sett trampólín og er það allt að 1 m á dýpt (en 0,2 m að ytri brún). Grjóthleðslur eru greinilegar að innanverðu. Svæðið er samtals 11 x 7,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Kofinn hefur líklega verið kartöflugeymsla.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Miðlungs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs

Umhverfisgildi: Miðlungs

Upprunalegt gildi: Miðlungs


Tæknilegt ástand: Lágt

**Varðveislugildi:**

Miðlungs Uppruni hússins og lögun tengist atvinnusögu staðarins.

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti





Staðsetning hússins merkt með gulum punkti



Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Líklega byggt sem e.k.  
Núverandi notkun: Líklega notað sem e.k.



Afstaða Lambhúskots og húss 25, 2017



Hús 25, horft til norðurs

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:**

Byggingarefni: Timbur, bindingar

Timbur, bindingar

Útveggir: Bárújárn

Bárújárn

Þakgerð: Mænisþak

Mænisþak

Þakklæðning: Bárújárn

Bárújárn

Undirstaða:

Útlit: Einlyft

Einlyft

**Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:****Saga**

## Lýsing húss

Einfalt timburhús, tilsiðið og bárújárnsklætt á lóð Lambhúskots. Húsið virðist nýlegt og í góðu ástandi. Líklega Lysthús/garðskáli.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Lágt

Menningarsögulegt gildi: Lágt

Umhverfisgildi: Lágt


Upprunalegt gildi: Hátt

Tæknilegt ástand: Hátt

**Varðveislugildi:** Lágt

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

# Hús 26 Geymsluskúr við Buðlungu



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun:

Núverandi notkun: Geymsluskúr



Geymsluskúr við Buðlungu 2017, horft til norðurs

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Timbur

Einhalla (skúrþak)

Bárujárn

**Saga**

Lýsing húss:

Einfaldur geymsluskúr úr timbri með einhalla þaki. Gluggar eru á hliðum og beggja vegna við hurð sem er á vesturgafli.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Lágt

Menningarsögulegt gildi: Lágt

Umhverfisgildi: Lágt


Upprunalegt gildi: Lágt

Tæknilegt ástand: Lágt

**Varðveislugildi:** Lágt

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

# Hús 27 Hænsnakofi við Vesturbæ Þórkötlustaða



*Staðsetning hússins merkt með gulum punkti*

Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:

Upphafleg notkun:  
Núverandi notkun: Hænsnakofi



Hús 27, 2017, hænsnakofi við Vesturbæ



Hús 27, 2017, hænsnakofi við Vesturbæ

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Timbur

Mænisþak

Pappi

**Saga**

Lýsing húss:

Lítill, plankabyggt timburhús með tjörupappaskífum á þaki og á lágum staurum. Húsið er notað sem hænsnakofi og er innan lóðamarka Vesturbæjar Þórkötlustaða.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Lágt

Menningarsögulegt gildi: Lágt

Umhverfisgildi: Lágt


Upprunalegt gildi: Miðlungs

Tæknilegt ástand: Lágt

**Varðveislugildi:** Lágt

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti





Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun:

Núverandi notkun: Líklega notað sem hæsnakofi



Hús 28 hæsnakofi, 2017, horft til NNV



Hús 28, 2017, horft til VNV

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Timbur

Mænisþak

Pappi

**Saga**

Lýsing húss:

Lítill tilsníðinn timburkofi, nú líklega notaður sem hæsnakofi. Hann er á grasi gróinni eyju milli vegarslóða í Þórkötlustaðahverfi en svæðið hefur að líkindum áður tilheyrt Austurbæjum Þórkötlustaðahverfis (en Bjarmalandi nú).

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Lágt

Menningarsögulegt gildi: Lágt


Umhverfisgildi: Lágt

Upprunalegt gildi: Miðlungs

Tæknilegt ástand: Lágt

**Varðveislugildi:** Lágt

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:

Upphafleg notkun:  
Núverandi notkun: Líklega hænsna- eða kanínukofi



Hús 29 2017, horft til VSV

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:				
Útveggir:		Timbur		
Þakgerð:		Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:				

## Saga

Lýsing húss:  
Lítill tilsníðinn timburkofi, nú líklega notaður sem hænsna- eða kanínukofi. Er á grasi gróinni eyju milli vegarslóða í Þórkötlustaðahverfi en svæðið hefur að líkindum áður tilheyrt Austurbæjum Þórkötlustaðahverfis (en Bjarmalandi nú).

## Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Lágt

Menningarsögulegt gildi: Lágt


Umhverfisgildi: Lágt

Upprunalegt gildi: Miðlungs

Tæknilegt ástand: Lágt

Varðveislugildi: Lágt

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti



Fyrsti eigandi:  
Hönnuður:

Upphafleg notkun:  
Núverandi notkun: Skýlið hrörlegt og virðist ekki í notkun



Hús 30 við Auðsholt 2017, horft til NNA



Hús 30 við Auðsholt 2017, horft til norðurs

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Bárujárn

Einhalla (skúrþak)

Bárujárn

**Saga**

Lýsing húss:

Hrörlegt skýli, lélegur skúr úr afgangstimbri og bárujárni, undir þaki en opinn til austurs. Skúrin virðist ekki byggður til að standa lengi.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Lágt

Menningarsögulegt gildi: Lágt

Umhverfisgildi: Lágt


Upprunalegt gildi: Lágt

Tæknilegt ástand: Lágt

**Varðveislugildi:** Lágt

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

# Hús 31 Dúkkukofi nærri sumarþústað



Staðsetning hússins merkt með gulum punkti

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun:

Núverandi notkun: Líklega dúkkukofi



Hús 31 dúkkukofi, 2017 horft til suðvesturs



Hús 31 dúkkukofi, 2017 horft til suðurs

**Gerð húss:****Upphafleg:****Núverandi:****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Timbur

Mænisþak

Timburspónn

**Saga**

Lýsing húss:

Lítill kofi, líklega dúkkukofi úr krossviðarplötum og með hurð á norðurstafni og nokkuð veglegum glugga á vesturvegg. Kofinn er sunnan við Sumarbústaðinn Siglu.

**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Byggingarlist: Lágt

Menningarsögulegt gildi: Lágt

Umhverfisgildi: Lágt

Upprunalegt gildi: Miðlungs

Tæknilegt ástand: Lágt

**Varðveislugildi:** Lágt

Verndarflokkar: Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti



## Samantekt

### *Ágrip af sögu byggðar*

Jörðin Þórkötlustaðir byggist án efa mjög snemma og er líklegt að kjarni hennar hafi allt frá upphafi verið á svipuðum slóðum og Þórkötlustaðir eru enn. Við framkvæmdir nærri Miðbæ Þórkötlustaða laust eftir 1900 var komið niður á skálalaga byggingu og langeld<sup>2</sup> og bendir það til að upphaf byggðar á svæðinu hafi verið á þessum slóðum allt frá fyrstu tíð. Gera má ráð fyrir að svæðið hafi lengi verið nokkuð þéttbýlt á íslenskan mælikvarða og þar hefur líklega verið stunduð sjósókn ásamt hefðbundnum búskap allt frá fyrstu tíð. Á 17. öld er jörðin komin í eigu Skálholts og á seinni hluta aldarinnar jukust umsvif biskupsstólsins mikið á jörðinni (í tíð Brynjólfs Jónssonar biskups) og var rekin þaðan nokkur útgerð.<sup>3</sup>

Árið 1703 voru íbúar í hverfinu 60 talsins og eru þá taldar upp fimm hjáleigur frá Þórkötlustöðum og ein þurrabúð.<sup>4</sup> Áður en öldin var á enda var orðið þríflegt á sjálfri heimajörðinni og hélst það fram eftir 19. öld.<sup>5</sup> Lítil breyting var á íbúafjölda fram eftir miðri 19. öld og voru oftast í byggð a.m.k. þrjár hjáleigur auk þess sem þríflegt var á heimajörðinni. Á síðustu áratugum 19. aldar varð mikil fólksfjölgun í hverfinu og meira en tvöfaldaðist íbúa- og heimilafjöldi þar á árunum 1880-1901 og fór þá íbúatalan úr 60 árið 1880 í 132 árið 1901 og úr 9 heimilum í 22.<sup>6</sup> Á þessu skeiði voru t.a.m. líklega byggð tvö hús til viðbótar á Þórkötlustaðatorfunni (þá bæði til Austari Austurbær og Vestari og Austari Vesturbær og Vestari) ásamt ýmsum fleiri býlum í hverfinu. Þegar túnakort var gert fyrir Þórkötlustaði 1918 voru býlin í hverfinu 12 talsins auk fimm íbúðarhúsa á sjálfri bæjartorfunni og voru heimilin þá líklega yfir 20.<sup>7</sup>

Þórkötlustaðahverfi hélt áfram að blómstra og vaxa á fyrri hluta 20. aldar en þegar komið var undir miðbik aldarinnar voru aukin umsvif og fólksfjölgun í Járngerðarstaðahverfi ásamt nýjum hafnarmannvirkjum í Hópinu farin að hafa áhrif á hverfið, þótt þar byggju þá ríflega 200 manns.<sup>8</sup> Þungamiðja athafnalífs í Grindavík hafði flust úr Þórkötlustaðahverfinu. Til að bregðast við þeim vanda sem steðjaði að byggðinni stofnaði fólk á svæðinu félagsskap um byggingu frystihússins sem tók til starfa í hverfinu 1947 og starfrækt var fram til 1992, og

---

<sup>2</sup> Brynjólfur Jónsson. 1903, 47.

<sup>3</sup> Saga Grindavíkur I, 212-213.

<sup>4</sup> JÁM III, 11-14.

<sup>5</sup> Saga Grindavíkur II, 74.

<sup>6</sup> Saga Grindavíkur II, 31-32.

<sup>7</sup> Túnakort 1916.

<sup>8</sup> „Fram af Grindavíkurslóð“, grein í *Morgunblaðinu* 15. október 1967, 10.



blés það miklu lífi í atvinnu á svæðinu.<sup>9</sup> Á fimmta áratugnum var stofnaður skóli í hverfinu og þar var einnig rekin verslun um nokkurra áratuga skeið.

Þrátt fyrir aukna atvinnumöguleika með tilkomu Hraðfrystihússins fór fólki að fækka í Þórkötlustaðahverfi upp úr miðri öldinni og varð vöxtur bæjarfélagsins einkum í Járngerðarstaðahverfinu. Árið 1966 hafði íbúum í Þórkötlustaðahverfi fækkað um 42% (voru þá 118)<sup>10</sup> frá 1940. Þá höfðu a.m.k. 6 íbúðarhús verið flutt úr Þórkötlustaðahverfi og yfir í Járngerðarstaðahverfi og nokkur til viðbótar rifin. Íbúum í hverfinu hélt áfram að fækka fram eftir 20. öld og um þessar mundir eru föst búseta í 11 húsum og um 30 einstaklingar skráðir með fasta búsetu þar (en árstíðabundin búseta í nokkrum húsum til viðbótar).<sup>11</sup>

### *Svipmót byggðar og húsa*

Framan af reiddu íbúar í Þórkötlustaðahverfi sig á fiskveiðar samhliða búskap. Vægi sjávarútvegs fyrir svæðið jókst enn um miðbik 20. aldar þegar Hraðfrystihús Þórkötlustu tók til starfa. Samhliða sjávarútvegi var talsvert skepnuhald í hverfinu og á 19. og 20. öld virðist talsverður fjöldi smákofa hafa tengst flestum býlanna og þeir margir hverjir notaðir undir skepnuhald, auk þess sem þar stóðu skemmur, fiskihjallar og fleiri áþekkt hús.<sup>12</sup>


Sökum þess hversu þéttbýlt var í hverfinu leituðust menn við að afmarka lóðarmörk sín með afgerandi hætti og þar sem gott hleðslugrjót var auðfengið á svæðinu var það notað til að marka lóðarmörk, hlaða veggum um tún og kálgarða. Þessi þétta garðhleðsla er eitt af því sem gefur svæðinu afgerandi svipmót enn í dag þótt einhverjir garðar hafi horfið í umróti síðustu áratuga auk þess sem margir veggir voru rifnir og grjótið úr þeim notað í hafnargerð í Hópinu um og fyrir miðbik aldarinnar. Þegar leið á 20. öldina fækkaði kofum á svæðinu eitthvað og oft viku torfkofar fyrir timburkofum. Þrátt fyrir þessa þróun setur kofabyggðin ásamt grjótgröðunum og hleðslum kálgarða enn afgerandi svip á hverfið. Í hverfinu hafa menn alltaf byggt eftir þörfum og kofar og minni hús risið og vikið án afskipta skipulagsyfirvalda. Á síðustu áratugum hafa tilsniðnir kofar bæst í hóp fjölskrúðugar kofaflóru sem fyrir var.

<sup>9</sup> Húsakönnun Lofts Jónssonar, bls. 2-3.

<sup>10</sup> „Fram af Grindavíkurslóð“, grein í *Morgunblaðinu* 15. október 1967, 11

<sup>11</sup> **Hér er beðið eftir endanlegum tölum frá bænum.**

<sup>12</sup> Sjá t.d. Túnakort af svæðinu frá 1918 og Fasteignamat 1916-1918.



Þórkötlustaðahverfi 1918. Túnakortið gerði Vigfús Guðmundsson. Af því má sjá hinn mikla fjölda kofa og garða í hverfinu snemma á 20. öld. Túnakortið er varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

Þrátt fyrir að hverfið sé þéttbýlt ber byggðin enn talsverð einkenni dreifbýlis. Húsin standa mörg á fremur stórum lóðum, algengt er að kofabyggingar fylgi íbúðarhúsum og mörk lóða og kálgarða eru gjarnan enn afmörkuð með grjóthleðslu. Tvær megin götur liggja um hverfið og liggja víða stuttir götuslóðar og heimreiðar af þeim.

Á svæðinu voru skráð 56 standandi hús. Af þeim voru 25 hús með fasteignanúmer (22 íbúðarhús, einn sumarbústaður og tvö hús sem byggð voru fyrir iðnað/þjónustu). Íbúðarhúsin eru fjölbreytileg. Fimm af íbúðarhúsunum sem enn standa eru byggð fyrir 1930 (Einland, Bjarmaland, Sólbakki, Miðbær Þórkötlustaða og Búðir) en langflest þeirra eða 12 hús eru byggð á tímabilinu 1930-1940 og er líklegt að það þrettánda, íbúðarhús með óþekktu nafni sem stóð við Miðbæ sé einnig byggt á þessu sama skeiði. Eitt nýtt hús reis í hverfinu á 5. áratug 20. aldar (Heimaland) og sitt hvort húsið á 7. og 8. áratug 20. aldar (Bjarnarhöfn og

Hof II). Yngsta húsið í hverfinu var svo byggt árið 2008 nærri þeim stað sem áður stóð hjáleigan Lambhúskot. Húsagerðir í hverfinu eru eins og gefur að skilja fjölbreytilegar og setur umræddur fjölbreytileiki sterkan svip á byggðina og gefur henni svipmót.<sup>13</sup>

Skráð var 31 hús/kofi í Þórkötlustaðahverfi sem ekki var með eiginlegt fasteignanúmer. Kofar þessir hafa gegnt fjölbreyttu hlutverki. Margir kofanna voru skepnuhús (fjós, fjárhús, hæsnakofar), hlöður, skemmur, hjallar og bílskúrar svo fátt eitt sé nefnt. Þeir eiga það allir sammerkt að vera einfaldir að gerð og hafa lítið varðveislugildi í sjálfu sér. Flestir eru þeir óvandaðir, bárujárnsklæddir timburkofar, en einstaka undantekningar eru þó frá því. Um þá má hins vegar segja að þeir setja sterkan svip á hverfið og gefa því sérstakan brag. Kofarnir hafa því varðveislugildi sem hluti af svipmóti hverfisins þótt óvandaðir séu.

---

<sup>13</sup> Þess má geta að auk þeirra húsa sem nú standa í hverfinu eru þekktar heimildir um 21 bústað til viðbótar sem stóð þar áður en er nú horfinn en um þau býli og hús verður fjallað í skýrslu um fornleifaskráningu.

## Heimildir

Brynjúlfur Jónsson. 1903. „Rannsóknir í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902“. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Blaðsíður 31-52.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2018. *Þórkötlustaðahverfi: Fornleifaskráning vegna verndarsvæðis*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands. Í vinnslu.

*Fasteignabók 1932*. 1932. Útgefanda vantar. Reykjavík.

„Fram af Grindavíkurslóð“, grein í *Morgunblaðinu* 15. október 1967.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir. 2017. *Verndarsvæði í byggð. Tillaga og greinargerð. Leiðbeiningar, Minjastofnun Íslands 3*. Minjastofnun Íslands. Reykjavík.

Jón Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*,. Kaupmannahöfn. Skammstafað JJ í grunni.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. 1913-90*. Kaupmannahöfn/Reykjavík. Skammstafað JÁM III í grunni.

*Saga Grindavíkur I. Frá Landnámi til 1800*. 1994. Jón Þ. Þór. Grindavíkurbær. Skammstafað SG I í grunni.

*Saga Grindavíkur II: 1800-1974*. 1996. Jón Þ. Þór og Guðfinna Hreiðarsdóttir. Grindavíkurbær. Skammstafað SG II í grunni.

*Sýslulýsingar og sóknarlýsingar*. 1937-39. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Reykjavík. Skammstafað SSGK í grunni.

## Óútgefið efni

Fasteignamat 1916-1918. Undirmat – Gullbringu- og Kjósarsýsla. Hlaðið niður þann 14. desember af:  
<https://myndir.handrit.is/doShowDocument.jsp?lang=is&source=ICDB&sourceId=Fasteignamat+1916+-+1918+-+Undirmat%3B+Gullbringus%FDsla&style=&navpanes=0&view=Fit>

Myndband tekið upp í 26. júlí 1986. Árni Guðmundsson í Teigi og Jón Daníelsson. Úr safni Ólafs Rúnars Þorvarðarsonar. Hlaðið niður þann 4. janúar 2018 af myndbandavef Ísmus:  
<https://vimeo.com/113794968>

Teikningar af húsum í Þórkötlustaðahverfi hlaðið niður (4. janúar 2018) af vef sveitarfélagsins: <http://www.map.is/grindavik/#>

Túnakort af Þórkötlustöðum frá 1918. Kortið gerði Vigfús Guðmundsson. Það er varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands en hægt er að nálgast það á vef safnsins (hlaðið niður 14. ágúst 2017):  
[http://mantal.is/myndir/Tunakort/Gullbringusysla/Grindavikurhreppur/Jpg-400/grindavikurhreppur\\_004.jpg](http://mantal.is/myndir/Tunakort/Gullbringusysla/Grindavikurhreppur/Jpg-400/grindavikurhreppur_004.jpg)

*Húsakönnun Lofts Jónssonar. Óútgefin handritsdrög í eigu höfundar.*

Ljósmyndir í eigu Lofts Jónssonar og Guðbjörg Jónsdóttir og Samúel Alfreðsson á Efralandi

Drög